

SHALDOR

skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu

Allt
Fasteignir.is

HAFNFIRSKUR HASAR

Sendibílstjóri gerir
bíómynd í anda van Damme

Fólk 26

FRÉTTABLAÐIÐ

MÁNUDAGUR

PITT

12. apríl 2010 – 84. tölublað – 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

Úrslitin ráðast í kvöld

Setbergsskóli og Álfthanesskóli etja kappi í spurningakeppninni Veistu svarið.

tímamót 14

Eurobandið hitar upp

Friðriki og Regínu boðið til Óslóar kvöldið fyrir úrslit Eurovision.

fólk 26



Portsmouth í úrslit

Hið gjaldþrota félag, Portsmouth, spilar í úrslitum ensku bikarkeppninnar.

íþróttir 22

veðrið í dag

ÚRKOMULÍTIÐ í dag verða suðvestan og vestan 5-10 m/s. Víða bjartviðri en skýjað og úrkomulítið V-til. Hiti á bilinu 5-12 stig.

veður 4

HLED SLA

ÍÞRÓTTADRYKKUR

100% HÁGÆÐA MYSUPRÓTEIN

Innanríkisráðuneyti taki yfir varnarmálaverkefnin

Eftir endurskipulag ráðuneyta er mælt til þess að ný undirstofnun innanríkisráðuneytisins fari með framkvæmd verkefna á svið varnar- og öryggismála. Varnarmálastofnun verði lögð niður um næstu áramót.

VARNARMÁL Gert er ráð fyrir að Varnarmálastofnun verði lögð niður frá og með næstu áramótum. Verkefni hennar verði færð annað, en hluti þeirra síðan færður aftur undir eitt þak ásamt öðrum verkefnum sem nú eru sum hver á hendi Ríkislögreglustjóra, Landhelgisgæslu og Vaktstöð siglinga. Ný stofnun taki því yfir hluta verkefnanna. Ríkisstjórnin hefur lagt fram frumvarp þar um sem byggir á skýrslu starfshóps. Formaður hópsins var Guðmundur B. Helga-

son, fyrrum ráðuneytisstjóri. Þar kemur fram að ekki sé óhjákvæmlegt að halda úti starfsemi sérstaklega aðgreindrar stofnunar um þau verkefni sem kveðið er á um í varnarmálalögum. Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra segir einnig lagt til að móta nýja öryggisstefnu á grundvelli borgaralegrar starfsemi. Nýja stofnunin, verði af henni, verði algjörlega undir borgaralegum formkjum. Árni Þór Sigurðsson, formaður

utanríkismálanefndar Alþingis, segir það grundvallaratriði að ný stofnun verði á borgaralegum notum. Skýr ásetningur ríkisstjórnarinnar sé að leggja af hernaðarlega hugsun í tengslum við stofnunina. Samkvæmt skýrslunni er gert ráð fyrir að verkefni Varnarmálastofnunar færist að mestu til Landhelgisgæslu og Ríkislögreglustjóra fyrsta kastið. Varnar- og öryggismál í víðum skilningi myndi síðan sérstakan málaflokk í fyrirhuguðu innanríkisráðuneyti.

Forræði samskipta við Nató og alþjóðlegar stofnanir verður þó áfram á vegum utanríkisráðuneytisins. Yfirmaður varnarmála, í skýrslunni nefndur „Chief of Defense“, starfi á vegum innanríkisráðuneytis. Össur segir að verkefnin muni síðan færast til fyrirhugaðs innanríkisráðuneytis. Starfsfólki Varnarmálastofnunar verður boðið starf hjá stofnunum sem taki við verkefnum hennar.

- óká, kóp



HERLIÐI STILLT UPP

Herkænskuleikurinn Warhammer dró til sín flesta þátttakendur á spilamótinu Fenn. is sem leikjaverslunin Nexus stóð fyrir í Rimaskóla um helgina. Tólf ár eru síðan Nexus stóð fyrir stóru spilamóti sem þessu og töldu þátttakendur um 120 manns á dag. Á mótinu voru meðal annars spiluð hlutverkaspil, safnkortaspil og borðspil.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fólk fái tóm til að horfa á fundinn

STJÓRNSÝSLA Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis marka kaflaskil í erfiðu uppgjöri sem staðið hefur á annað ár. Skýrslan verður afhent Alþingi klukkan 10 fyrir hádegi í dag. Jóhanna segir afar þýðingarmikið að umfjöllun um skýrsluna verði vönduð og yfirveguð og allir sem að henni komi leggi sig fram til að umræður verði þjóðinni til gagns og lærdóms.

„Ég vil sérstaklega hvetja til þess að forráðamenn fyrirtækja og stofnana gefi starfsfólki tóm til þess að fylgjast með blaðamannafundi rannsóknarnefndar Alþingis og yfirlýsingum formanna stjórnmalaflokka á Alþingi.“ Nefndin heldur blaðamannafund klukkan 10.30 og verður honum sjónvarpað. Eftir daginn í dag munu fulltrúar í rannsóknarnefndinni ekki tjá sig frekar um efni skýrslunnar.

- kóp / sjá síðu 4

Hörmulegt flugslys: Þjóðarsorg í Póllandi í viku

PÓLLAND Almennigur í Póllandi fylgdist með líkfylgdinni þegar líklistu Lech Kaczynski, forseta landsins, var ekið til forsetahallarinnar. Kaczynski fórst í flugslysi í Rússlandi á laugardag, ásamt 95 öðrum. Þjóðarsorg hefur verið lýst yfir í landinu í eina viku. Fjöldi áhrifamanna fórst í slysinu, þingmenn og yfirmenn hersins. Pólska þjóðin er harmi slegin og þar eru nú undirbúnar forsetakosningar í skugga hins hörmulega slyss. Þrátt fyrir allt hefur tekist að halda starfsemi ríkisstofnana í eðlilegum farvegi. Þjóðarsorg verður í Rússlandi í dag og hefur Vladimir Pútín lýst því yfir að hann muni hafa yfirumsjón með rannsókn á orsökum slyssins.

- kóp / sjá síðu 6

Uppskrifin að mánudagsfisknum er á gottimatinn.is

ÁTT ÞÚ ÞÉR LEYNDARMÁL?

EFTIR HÖFUND METSÖLUBÓKARINNAR DÓTTIR HENNA, DÓTTIR MÍN

2. Sæti

Godá nött, yndið mitt

JPV

JPV UTGAFA

www.forlagid.is



Sara Hlín, ertu orðin fluglæs á bókstaf laganna?

„Ég hef að minnsta kosti flogið gegnum mörg fluglög.“

Sara Hlín Sigurðardóttir flugmaður kláraði flugnámið meðfram menntaskólanum. Hún hafði svo gaman af að læra flugreglurnar í Flugskólanum að hún stundar nú í nám í lögfræði við Háskóla Íslands.



ÁTÖK Í NABI SALEH Meðan Netanjahú forsætisráðherra veltir fyrir sér Bandaríkjaferð halda átök milli Palestínuaðmanna og ísraelskra hermanna áfram.

NORDICPHOTOS/AFP

Netanjahú hættir við ferð: Óttast að spjót beinist að sér

ÍSRAEL, AP Benjamin Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, er hættur við að halda til Bandaríkjanna á ráðstefnu um útbreiðslu kjarnorkuvopna. Hann hafði áður boðað komu sína.

Samkvæmt embættismönnum á skrifstofu hans snerist honum hugur eftir að hafa frétt af því að spjótin kynnu að beinast að Ísrael á ráðstefnunni. Leiðtogar um það bil 40 ríkja koma til Washington í dag til að ræða hvernig koma megir í veg fyrir að hryðjuverkamenn komist yfir kjarnorkuvopn.

- gb

LÖGREGLUMÁL

12% lögreglumanna konur

Um 12 prósent lögreglumanna hjá lögreglunni á Suðurnesjum árið 2009 voru konur. Alls voru konurnar 10 á móti 73 körlum. Kynjahlutfall hjá öðrum starfsmönnum embættisins var á annan veg. Konur voru 78 prósent, eða þrettán af sextán starfsmönnum. Þetta kom fram á vef Víkurfréttar.

Tveir þýskir ferðamenn um þrítugt voru lengur en þeir ætluðu á Fimmvörðuhálsi:

Voru veðurtepptir og matarlausir í Baldvinsskála

BJÖRGUNARSTARF Tveir þýskir ferðamenn um þrítugt urðu veðurtepptir í þrjá daga í Baldvinsskála á Fimmvörðuhálsi. Þeir lögðu af stað að gosinu á föstudag í góðu veðri en þegar upp var komið skall á vitlaust veður. Leituðu þeir þá skjóls í skálanum og létu vita af sér í gegnum talstöð í gærmorgun.

Björgunarsveitir Árborgar kom ferðamönnum til hjálpar og sótti þá í skálann á bíl sínum. „Þeir voru vel búnir og vissu greinilega hvað þeir voru að gera. Þeir voru búnir með allan mat og þess vegna kölluðu þeir á hjálp. Þeir mátu aðstæður rétt,“ segir Ármann Ingi Sigurðsson, formaður Árborgar.

Það tók björgunarsveitarmenn fjórar klukkustundir að aka upp hálsinn og að skálanum.

„Þetta gekk hægt upp eftir. Bæði er Skógáin illa fær og þungt færi þaðan og upp úr. Það gekk á með leiðinlegum hryðjum uppi og þeir gerðu það eina rétta, að bíða.“ Mennirnir hafa áður komið til Íslands og þekkja því nokkuð vel til aðstæðna hér á landi.

Að sögn Ármanns Inga sneri björgunarsveitin tveimur öðrum erlendum ferðahópum við á leiðinni og voru sumir úr hópnum orðnir ansi kaldir. Eftirlit lögreglu vegna veðurs hófst upp úr hádegi á laugardag við Skóga en enginn ferðamaður var á ferð þann daginn. Örfáir jeppar ætluðu upp á Mýrdalsjökul í átt að gosstöðvum en sneru allir við.

- fb



Á GÖNGU Fjöldi ferðamanna heldur gangandi upp að eldgosinu á Fimmvörðuhálsi.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Borgarfulltrúi segir Hrafn fá sérmeðferð

Borgarfulltrúi VG telur Hrafn Gunnlaugsson fá sérmeðferð hjá meirihlutunum og spyr hvort þar séu óeðlileg tengsl. Vill að borgin fjarlægji mannvirki við hús Hrafn. Þetta er dúfnakofinn sem maður fékk aldrei að smíða, segir Hrafn.

SKIPULAGSMÁL Þorleifur Gunnlaugsson, borgarráðsfulltrúi Vinstri grænna, vill að borgin fjarlægji mannvirki af lóð Hrafn Gunnlaugssonar á Lauganestanga á hans kostnað, fyrir 20. apríl. Þá verði lóðinni komið í það horf sem hún var í þegar samkomulag var gert við Hrafn árið 2003. Þorleifur segir Hrafn hafa margbrotið það.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá barst Hrafn erindi frá byggingarfulltrúa 4. mars þar sem tilkynnt var að allar framkvæmdir í öleyfi yrðu stöðvaðar.

„Það er ekki líðandi að fólk fái að gera það sem því dettur í hug í almannarými. Við getum rétt ímyndað okkur hvernig borgin okkar liti út ef allir gerðu þetta.“

Þorleifur segir Hrafn fá sérmeðferð hjá borgaryfirvöldum. Hann hafi fengið 10 milljónir króna árið 2003 fyrir að fara ekki í frekari framkvæmdir. Það hafi hann brotið með því að koma upp mannvirkjum, stækka tjarnir og gera hóla úr uppgreftrinum. Það sé allt gert á viðkvæmu svæði sem ekki megi hrófla við nema með leyfi minjaverndar.

„Sá grunur læðist að manni, eftir allar hótanir borgarinnar sem ekkert er gert í, að það séu óeðlileg tengsl milli Hrafn Gunnlaugssonar og borgarstjórnarmeirihlutans í Reykjavík.“ Þorleifur óttast að meirihlutinn hafi þæft málið með því að vísa tillögu hans til hverfarráðs. Staðreyndir málsins séu löngu þekktar.

Hrafn Gunnlaugsson segist muna svara erindi byggingarfulltrúa eftir réttum boðleiðum. Málið sé flókið, enda sé um að ræða leikmyndir úr myndum hans. Þær séu hannaðar til að blekkja augað og því



SKÝLIÐ Í FLÆÐARMÁLINU Byggingarfulltrúi tilkynnti Hrafn um að framkvæmdir við húsið yrðu stöðvaðar þar sem ekki væri fyrir þeim byggingarleyfi. Hrafn segir framkvæmdir tengjast gömlum leikmyndum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Margar athugasemdir hafa verið gerðar

Borgaryfirvöld gerðu samkomulag við Hrafn árið 2003. Þar var kveðið á um samkomulag við borgarminjavörð um allar hugsanlegar framkvæmdir. Þá yrðu framkvæmdir utan lóðar fjarlægðar, en Hrafn ekki krafinn um kostnað.

Í júlí 2009 sendi Hrólfur Jónsson, sviðsstjóri framkvæmda- og eignasviðs, Hrafn bréf. Þar segir um úttekt á lóð Hrafn: „Í ljós kom að verulegar framkvæmdir og jarðrask hafa átt sér stað eftir undirritun meðfylgjandi samkomulags sem gert var milli þín og Reykjavíkurborgar þann 9. apríl 2003.“

Í mars 2010 sendi byggingarfulltrúi Hrafn bréf þar sem bent var á að verið væri að steypa hús í fjöruborðinu án leyfis. Þær framkvæmdir yrðu stöðvaðar.

sé meira í málinu en sýnist. Hvað framkvæmdir við tjarnir varðar segist Hrafn vinna að því að fegra umhverfið, öllum til ánægju. Allir séu velkomnir í Laugarnesið og þangað sæki margir. Fjöldi ferðamanna hafi heillast af húsinu og umhverfi þess.

EKKI síst sé það hús hans sem vekir athygli, en það sé unnið úr

endurnýjanlegum efnivið. „Þetta er experiment í environmentalisma. Þetta er náttúrulega bara dúfnakofinn sem maður fékk ekki að smíða þegar maður var krakki.“

Hrafn vill ekki tjá sig um hvort hann hafi leyfi fyrir framkvæmdunum og segist muna svara byggingarfulltrúa með það.

kolbeinn@frettabladid.is



FRUMKVÖDLAR Sprotafyrirtækið Remake Electric hlaut gulleggið 2010.

MYND/HERMANN SIGURÐSSON

Fengu Gulleggið: Skynjar bilanir í raftækjum

FRUMKVÖDLAR Sprotafyrirtækið Remake Electric sigraði í frumkvöðlakeppni Innovit, Gulleggið 2010. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra afhenti stofnendum fyrirtækisins eina milljón króna í sigurlaun og Gulleggið við athöfn á Háskólatorgi á laugardaginn.

Remake Electric hefur þróað nýja og byltingarkennda tegund rafskynjara sem markar nýja kynslóð rafmagnsöryggja en skynjarinn gefur meðal annars hljóðviðvaranir við yfirálagi rafmagns svo fyrirbyggja megir eldsvoða vegna rafmagnsbilana.

-rat

Ný Linux IBM-fartölva: Fartölva á 24 þúsund krónur

TÖLVUR IBM og Simmtronics ætla að setja á markað fartölvu með hugbúnaði frá Lotus og Ubuntu. Vélinni verður helst beint að litlum fyrirtækjum í fátækum ríkjum, sérstaklega Afríku, og kemur til með að kosta rúmar 24.000 krónur.

IBM hefur í nokkur ár unnið að því að draga úr forystu Microsoft á stýrikerfamiknaðinum og hefur sérstaklega litið til Linux-kerfa eins og Ubuntu. IBM telur fyrirtæki geta sparað mikið á því að nota Linux í stað Windows.

- kóp

Bæjarfulltrúi segir fyrrverandi bæjarstjóra gálausan og klagar til ríkissaksóknara:

Vill ákæru fyrir afglöp í starfi

SVEITARSTJÓRNIR Guðmundur Gunnarsson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins á Álftanesi, vill að ríkissaksóknari taki afstöðu til þess hvort ákæra beri Sigurð Magnússon, fyrrverandi bæjarstjóra, fyrir afglöp í starfi.

„Mér er algerlega ofboðið hvert framferði Sigurðar Magnússonar í starfi bæjarstjóra Álftaness frá júní 2006 til október 2009 er með öllu látið átölulaust. Manns sem ber mesta ábyrgð á klárum afglöpum, óvandaðri stjórnsýslu og klúrri meðferð á almannafé á Álftanesi,“ segir í bréfi Guðmundar til ríkissaksóknara. Guðmundur bætir meðal annars við að Sigurður hafi „orðið uppvís að afbrigðilegri hegðun“ og „sýnt af sér fullkomið gáleysi og ábyrgðarleysi“ í starfi.

Sigurður segist ekki hafa séð umrætt bréf. „Það er erfitt að gefa komment á það sem maður hefur ekki séð en í sjálfsu sér kemur þetta ekki á óvart. Í fjögur ár er hann búinn að gera svipaða hluti og þennan; kæra ákvarðanir mínar til ráðuneytisins og fengið til baka svör um að mín störf hafi verið samkvæmt sveitarstjórnarlögum,“ segir Sigurður.

Í komandi bæjarstjórnarkosningum leiðir Sigurður Á-listann. „Það er verið að þyrlla upp moldviðri til að koma höggi á mig og ekkert annað. Það tekur enginn hér á Álftanesi mark á Guðmundi Gunnarssyni lengur.

Hann hefur ekkert traust – ekki einu sinni hjá sínu fólki sem hafnaði honum í prófkjöri,“ segir Sigurður.

- gar

Taktu góða ákvörðun

Sparnaði þínum er vel varið hjá Auði

Opinn kynningarfundur

Þriðjudaginn 13. apríl kl. 17:15

að Borgartúni 29.

Allir velkomnir

Eignastýring og séreignarsparnaður

585 6500 | audur.is

Tveir góðir hjá Nova!



**1.000 kr. notkun
á mánuði í
12 mán. fylgir!**
Gildir í áskrift og frelsi.

Ódýrasti 3G snertisíminn hjá Nova!

Huawei U7510

Útborgun: 0 kr.
Afborgun: 2.000 kr. á mán. í 12 mán.
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.

24.000 kr./stgr.



**1.000 kr. notkun
á mánuði í
12 mán. fylgir!**
Gildir í áskrift og frelsi.

Ódýrasti 3G síminn hjá Nova!

Huawei U1250

Útborgun: 1.990 kr.
Afborgun: 1.000 kr. á mán. í 12 mán.
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.

13.990 kr./stgr.

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri
og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

NOVA

GENGIÐ 09.04.2010		
GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
 Bandaríkjadalur	127,47	128,07
 Sterlingspund	195,90	196,86
 Evra	170,83	171,79
 Dönsk króna	22,948	23,082
 Norsk króna	21,494	21,620
 Sænsk króna	17,627	17,731
 Japanskt jen	1,3592	1,3672
SDR	193,23	194,39
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
227,5007		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Fleiri ný ökutæki skráð: Hægir á samdrætti í bílaviðskiptum

EFNAHAGSMÁL Færri ökutæki hafa verið nýskráð hjá Umferðarstofu það sem af er árinu í samanburði við sama tímabil í fyrra. „Frá 1. janúar til 7. apríl hafa 701 ökutæki verið nýskráð en þau voru 845 eftir jafn marga daga á síðasta ári,“ segir á vef Umferðarstofu. Fækkun milli ára nemur 17 prósentum. „Ljóst er að fækkunin er töluvert minni en fyrstu 45 dagana en þá var hún 29 prósent,“ segir jafnframt í umfjöllun stofnunarinnar og tekið fram að um sé að ræða allar tegundir skráðra ökutækja. Þá kemur fram að á fyrstu 97 dögum ársins hafi 17.219 ökutæki skipt um eigendur, samanborið við 19.335 eigendaskipti eftir jafn marga daga í fyrra. Samdráttur milli ára nemur ellefu prósentum.

- óká

Skattrannsóknarstjóri: Eignir Baldurs voru kyrrsett

SKATTRANNSÓKN Hundruð milljóna króna hafa horfið út af reikningum Baldurs Guðnasonar, fyrrverandi forstjóra Eimskips, á síðustu misserum. Búið er að krefjast kyrrsetningar á eignum hans og Steingríms Péturssonar, viðskiptafélaga hans, en báðir sæta þeir skattrannsókn. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 um helgina.

Þeir félagar eiga meðal annars Sjöfn sem lengi vel einbeitti sér að því að selja málningu. Hlutverk og stefna félagsins breyttist þó og varð fjárfestingarfyrirtæki sem fjárfesti í óskráðum félögum og fasteignum.

Lögreglumaður efast um að sínir menn verji „dauða hluti“ að útgefni skýrslu:

Ráðherra segir ekkert að óttast

LÖGREGLA Engin ástæða er til að ætla annað en að lögreglumenn uppfylli skyldur sínar með þrói hér eftir sem hingað til, segir Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra.

Hún var spurð um orð Snorra Magnússonar, formanns Landssambands lögreglumanna, sem sagði á föstudag í fréttum Útvarps að hann efaðist um að margir lögreglumenn gæfu kost á sér í að verja „dauða hluti“, ef kæmi til mótmæla að útgefni skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Snorri óttast „aðgerðaleysi stjórnvalda“ komi til



RAGNA ÁRNADÓTTIR

átaka og tengdi þetta við lausa kjarasamninga.

Spurð um hvort búast megi við lítilli löggæslu eftir helgi og hvort það væri þá ríkisstjórninni að kenna, bendir Ragna á að Snorri hafi ítrekað í fréttinni að lögreglumenn stæðu við sitt.

„Ég hafði samband við ríkislögreglustjóra í tilefni fréttarinnar og sannreynði að það stæði ekkert upp á dómsmálaráðuneyti eða lögreglulið hvað löggæslu varðar,“ segir ráðherrann í skeyti.

Stefán Eiríksson lögreglustjóri vill ekki ræða ummæli Snorra. Snorri verði að bera ábyrgð á þeim sjálfur.

- kóp

Ræðukeppni í MH:

Japönsk orðsnilld í ræðu

SKÓLAR Japönsk ræðukeppni fer fram í Menntaskólanum við Hamrahlíð á morgun. Þetta er í sjöunda sinn sem keppnin er haldin en að henni standa Sendiráð Japans, Hugvísindadeild Háskóla Íslands, Menntaskólinn í Hamrahlíð og Fjölbautaskólinn í Ármúla.

Keppnin er opin öllum japönskumælandi einstaklingum á öllum aldri en megnið af þátttakendum verða nemendur á framhaldsskólastigi. Keppnin hefst í fyrramálið klukkan 8.10.

-rat

Rannsaka frekar ef þarf

Rannsóknarnefnd Alþingis kynnir skýrslu sína í dag. Mun ekki tjá sig frekar um efnið. Fjármálaráðherra segir tryggt að mál verði rannsökuð frekar þyki þess þurfa. Tækifæri til sáttar, segir Bjarni Benediktsson.

ALÞINGI Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis verður afhent Alþingi í dag klukkan 10. Hálf tíma síðar heldur nefndin blaðamannafund í Iðnó, fer yfir efni skýrslunnar og svarar spurningum blaðamanna.

Engum dylst mikilvægi vinnunnar. „Hér er um að ræða fyrstu óháðu rannsóknarskýrsluna sem gerð er um bankahrunið þar sem rannsóknaraðilar hafa fengið víðtækar heimildir og einstaka innsýn í atburðarásina,“ segir Jóhanna Sigurðadóttir forsætisráðherra.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, skrifaði bréf til flokksmanna á heimasíðu flokksins fyrir helgi. Þar hvetur hann alla til að kynna sér efni skýrslunnar, draga lærdóm af því og nýta niðurstöðurnar á uppbyggilegan hátt. Skýrslan „veitir okkur í senn tækifæri til og leggur okkur skyldur á herðar um, að ná sátt í samfélaginu og hefja í kjölfarið uppbyggingu á nýjum grunni“.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra fagnar útkomu skýrslunnar og hvetur til að hún verði tekin til ræðilegrar og yfirvegaðrar skoðunar. Hann vonast til að skýrslan reifi málin með tæmandi hætti. Hann segir að tryggja þurfi að einhverjir þættir málsins fái frekari rannsóknar við, verði það niðurstaðan.

Skýrslan verður kynnt formönnum þingflokka og forseta Alþingis í dag. Þá er verið að reyna að koma á kynningarfundum með formönnum stjórnmalaflokkanna. Að kynningu lokinni munu nefndarmenn ekki tjá sig frekar um efni skýrslunnar, sem verið hefur í vinnslu frá því að nefndin tók til starfa í byrjun árs 2009.

Klukkan 15 í dag hefst umræða á þingi og munu formenn stjórnmalaflokkanna gefa yfirlýsingar vegna skýrslunnar. Almenn umræða verður um hana á morgun og hefst hún klukkan 13.30.

Þingmenn Hreyfingarinnar sendu frá sér yfirlýsingu í gær og lýsa furðu á þessari dagskrá. Ljóst sé að þingmenn fái ekki tólm til lestu skýrslunnar, enda hafi nefndarmenn sagt lestur hennar taka 95 klukkustundir. Vinnubrögð varðandi umræðurnar einkennist af sýndarmennsku.

kolbeinn@frettablidid.is



GRÁTI NÆR Rannsóknarnefnd Alþingis tók til starfa í byrjun árs 2009. Nefndarmenn hafa oft rætt um hve starfið hafi verið erfitt og Tryggvi Gunnarsson sagði á blaðamannfundi í janúar að hann hefði oft verið gráti nær við vinnslu hennar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hefði átt að yfirheyra opinberlega

Óskiljanlegt er að rannsóknarnefnd Alþingis hafi ekki starfað fyrir opnum tjöldum við gerð skýrslu sinnar, sem kemur út í dag. Þetta er mat Árna Páls Árnasonar félagsmálaráðherra. „Þessi óþreya og spenna sem er í samfélaginu núna hefði alls ekki þurft að vera, ef þetta hefði bara verið gert opinbert jafnóðum,“ segir Árni.

Sjálfur mælti Árni með því í ræðu í október 2008 að sú leið yrði farin: „Ég held að erfitt sé að finna mál sem er betur til þess fallið að vera prófsteinn á hið nýja fyrirkomulag sem forsætisnefnd Alþingis hefur kynnt um opna nefndarfundum [...] svo almenningi verði ljóst hvernig þetta gat gerst og allir geti talað

þar með hreinskiptum og opnum hætti og ekki sé reynt að draga nokkra dul á hvernig þessi atburðarás varð,“ sagði hann þá á Alþingi.

„Ég varð ekki var við það að nokkur tæki undir þetta í þingumræðum eða annars staðar. En auðvitað hefði verið betra að gera þetta eins og nágrannapjöldirnar,“ segir Árni Páll. Samkvæmt lögum um rannsóknarnefndina mátti hún upplýsa um efni hennar að vild áður en sjálf skýrslan kæmi út.

- kóp




Lífrænn barnamatur sem kitlar bragðlaukana



Engin erfðabreytt innihaldsefni
Ræktað án notkunar meindýraeiture




VEÐURSPÁ



HEIMURINN

Alicante	18°
Basel	12°
Berlín	14°
Billund	9°
Frankfurt	8°
Friedrichshafen	3°
Gautaborg	10°
Kaupmannahöfn	10°
Las Palmas	21°
London	12°
Mallorca	17°
New York	20°
Orlando	26°
Ósló	11°
París	12°
San Francisco	15°
Stokkhólmur	7°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



Prófaðu Heimaöryggi

– frítt í 2 mánuði –

án skuldbindingar.*

* Kynntu þér málið á oryggi.is



oryggi.is
570 2400

KJÖRKASSINN



Ætti samfélagið að ræða betur kosti og galla ESB-aðildar?

Já	81,7%
Nei	18,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú að kaupa eintak af skýrslu rannsóknarnefndar?

Segðu skoðun þína á Vísis

VÍSIR

6

FRÉTTABLAÐIÐ

12. apríl 2010 MÁNUDAGUR

Evrópusambandið og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn bjóða Grikkjum aðstoð:

Fjörutíu milljarða neyðarlán

EFNAHAGSMÁL Evrópusambandið (ESB) hefur boðist til að lána Grikklandi 30 milljarða evra með um fimm prósentu vöxtum á þessu ári til að létta á gríðarlegum fjárhagsvanda landsins. Að sögn Olli Rehn, efnahags- og fjármálastjóra ESB, er Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn einnig tilbúinn til að lána Grikkjum um tíu milljarða evra. Til þess að fá lánin þurfa Grikkir að sækja formlega um þau, sem þeir eiga enn eftir að gera.

Ráðamenn hjá ESB og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum munu hittast í



GEORGE PAPANDREOU

um horfum. Stjórnvöld á Grikklandi hafa síðustu vikur unnið að undirbún-

ingi skuldabréfaútboðs til að afla 11,6 milljarða evra, jafnvirði um tvö þúsund milljarða króna, fyrir maílok til að standa við skuldbindingar hins opinbera.

Erfiðleikar í grísku efnahagslífi valda því að fjárfestar krefjast nú tvöfalt hærri ávöxtunar á bréfin en Þjóðverjar greiða fyrir þýsk ríkisskuldabréf um þessar mundir.

Bloomberg-fréttaveitan hefur eftir George Papandreou, forsætisráðherra Grikklands, að ekki megi útiloka að sækja verði um alþjóðlega neyðaraðstoð.

- jab

Íslenskt vatn víða vestanhafs:

Selja flöskuvatn á landi sem láði

VÍÐSKIPTI Vatnsfyrirtækið Icelandic Water Holdings hefur samið um sölu á flöskuvatninu Icelandic Glacial við bandaríska fyrirtækið HMSHost Corporation.

HMSHost Corporation er með sérleyfi til smásölu á ýmsum ferðamannastöðum í söluturnum á 23 stórum flugvöllum í Bandaríkjunum. Þá verður vatnið sömuleiðis til sölu á yfir 150 greiðasölustöðum og ferðamannamiðstöðvum við þjóðvegi í tólf ríkjum Bandaríkjanna.

- jab



Sandráð Sambandsfyrirvaldsins Þýskaland Reykjavík



Af hverju ÞÝSKA?

ÍÐNÓ 14. apríl 2010, kl. 17-19

- Pallborðsumræður: Hvað getur þýska gert fyrir þig?
- Þátttakendur: Signý Sæmundsdóttir, Ósk Vilhjálmisdóttir, Halldór Guðmundson, Heimir Jónasson, Pétur Óskarsson, Teitur Guðmundsson
- Verðlaunaafhending fyrir þýskupraut
- Stuttmyndasamkeppni framhaldsskólanna
- Ferðavinningar

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir!

Félag þýskukennara

Iceland Express

30 DAGA

hreinsun á mataræði

DAVÍÐ KRISTINSSON næringar- og lífsstílsþerapisti heldur fyrirlestur um 30 daga hreinsun á mataræði. Gott tækifæri til að byrja núna að axla ábyrgð á eigin heilsu!

Fimmtud. 15. apríl
Miðvikud. 21. apríl

Heilsuhúsinu Lág múla kl. 20-22

Glæsileg handbók fylgir með öllum upplýsingum sem þarf. Skráning og nánari upplýsingar á www.30.is og í síma 864 9155. Námskeiðsgjald kr. 6.900 kr.

Rúmlega 1000 manns hafa nú lokið 30 daga heinsun!

www.heilsuhusid.is

 **heilsuhúsið**





Útivistarleikur Homeblest & Maryland

DETTUR ÞÚ Í LUKKUPOTTINN

Ef þú kaupir Homeblest eða Maryland kexpakka gætir þú unnið glæsilegan vinning.

3 x 50.000 kr. úttektir
48 x 15.000 kr. úttektir
frá Útílífi, Intersport eða Markinu.

Leynist vinningur í pakkanum þínum!

ÚTILÍF INTERSPORT MARKID

512 54 01



MINNINGARATHÖFN Pólskir stjórnsmálamenn halda á kertum á minningarathöfn sem var haldin fyrir utan þinghús landsins. Donald Tusk, forsætisráðherra Póllands, er lengst til hægri.

MYND/AP

Undirbúa kosningar í skugga harmleiks

Efnahags- og stjórnsmálalíf Póllands er í uppnámi eftir flugslysið á laugardag þar sem 96 fórust. Pólska stjórnin segir að upplausnarástand ríki ekki í landinu.

FRÉTTASKÝRING

Hvaða áhrif hefur flugslysið í Rússlandi á stjórnsmála- og efnahagslíf Pólverja?

Flugslysið í Rússlandi á laugardag þegar 96 manns fórust, þar á meðal forseti Póllands, Lech Kaczynski, yfirmenn hersins og pólskir þingmenn, gæti haft mikil áhrif á stjórnsmála- og efnahagslíf Pólverja á næstunni. Kaczynski og föruneysi ætlaði að vera viðstatt athöfn í tilefni þess að sjöttíu ár eru liðin síðan sovískir leyniþjónustumenn drápu yfir tuttugu þúsund Pólverja í Katyn-skógi í Sovétríkjunum.

Pawel Gras, talsmaður pólsku ríkisstjórnarinnar, segir að ekki ríki upplausnarástand í landinu.

Starfsemi hersins og ríkisstofnana gangi eðlilega fyrir sig þrátt fyrir þennan mikla harmleik.

Michael Boni, yfirmaður í forsætisráðuneytinu, segir að haldið sé góðu sambandi við starfandi seðlabankastjóra Póllands, Piotr Wiesziolek, en seðlabankastjórinn Slawomir Skrzypek var á meðal þeirra sem fórust í slysinu. Már Guðmundsson seðlabankastjóri hefur sent Piotr samúðarkveður vegna fráfalls Skrzypeks.

Haldinn verður fundur í dag hjá efnahagsráði pólska seðlabankans þar sem farið verður yfir stöðu mála. „Við erum tilbúin að taka ýmsar ákvarðanir en við sjáum ekki fram á að eitthvað hættulegt muni gerast hvað varðar efnahaginn,“ sagði Boni. Stjórnvöldum í landinu hefur hingað til tekist að

koma í veg fyrir að kreppa skelli á og miðað við yfirlýsingar Boni mun það ekki breytast.

Starfandi forseti Póllands, Bronislaw Komorowski, ætlar að tilkynna um forsetakosningar innan tveggja vikna. Samkvæmt stjórnskrá landsins verður að halda kosningarnar innan sextíu daga frá tilkynningunni.

Kaczynski ætlaði að bjóða sig fram til annars kjörtímabils í forsetakosningum sem halda átti í haust. Búið var við að hann myndi eiga erfitt uppdráttar gegn Komorowski og frjálslýndum flokki hans. Íhaldsflokkur Kaczynski gæti aftur á móti fengið fjölda samúðaratkvæða vegna fráfalls forsetans, hvað þá ef flýta á kosningunum fram í lok júní.

freyr@frettabladid.is

Líkkista Lech Kaczynski var flutt til Póllands í gær með rússneskri herflugvél:

Pólverjar syrgðu forsetann

PÓLLAND, AP Lík Lech Kaczynski, forseta Póllands, sem lést í flugslysi í Rússlandi ásamt 95 öðrum, var flutt til Póllands í gær. Almennigur fylgdist sorgmæddur með þegar líkkistunni var ekið til forsetahallarinnar.

Starfandi forseti Póllands, Bronislaw Komorowski, forsætisráðherrann Donald Tusk og Jaroslaw Kaczynski, tvíburabróðir forsetans og fyrrverandi forsætisráðherra, voru viðstaddir þegar rússnesk herflugvél lenti með líkkistuna á herflugvöllum í Varsjá.

Fjöldi fólks raðaði sér upp meðfram götunum þar sem ekið var með kistuna, og fyrir framan forsetahöllina safnaðist gífurlegur mannfjöldi saman, margir með blóm, kerti, fána og myndir af hinum látnu meðferðis.

Komorowski hefur lýst yfir þjóðarsorg í eina viku vegna slyssins og í Rússlandi verður þjóðarsorg í dag. Vladímír Pútín, forsætisráðherra Rússlands, ætlar að hafa yfirumsjón með rannsókn á orsökum slyssins.



VIÐ LÍKKISTUNA Hermenn standa við líkkistu Lech Kaczynski, forseta Póllands, sem lést í flugslysi í Rússlandi.

MYND/AP

Búið er að finna flugrita vélarinnar. Talið er að flugmenn vélarinnar hafi leitt hjá sér viðvaranir um að þeir flygu of lágt á leið sinni að borginni Smolensk.

- fb

Sófar og sófasett

Frábært úrval af sófum, hornsófum og sófasettum á tilboðsverði í nokkra daga



Tilboðsverð
kr. 395.000.-

25%
afsláttur



Tilboðsverð
kr. 475.000.-

25%
afsláttur



Tilboðsverð
kr. 329.000.-

25%
afsláttur



Tilboðsverð
kr. 319.000.-

25%
afsláttur



Tilboðsverð
kr. 529.000.-

25%
afsláttur



Tilboðsverð
kr. 299.000.-

25%
afsláttur



Tilboðsverð
kr. 345.000.-

25%
afsláttur

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

www.valhusgogn.is

Opið virka daga kl. 10-18 **Laugardag kl. 11-16**



1. Hvað heitir forseti Kirgisistans sem var steypt af stóli í síðustu viku?
2. Hver varð markakóngur Íslandsmótsins í handbolta karla?
3. Hvaða afmæli fagnar Vigdís Finnbogadóttir á fimmtudaginn kemur?

SÍÁ SVÖR Á SÍÐU 26

Ratzinger sagður hafa tekið hagsmuni kirkjunnar fram yfir hagsmuni barna:

Trúlausir vilja handtaka páfa

TRÚMÁL Nokkrir breskir trúleysingar reyna nú að fá útgefna handtökuskipun á Benedikt XVI. páfa, sem er væntanlegur til Bretlands næsta haust.

Páfinn hafi hylmt yfir með kynferðisbrota-mönnum með því að þagga niður kynferðis-brot gegn börnum, þegar hann hét Joseph Alois Ratzinger og starfaði sem kardináli.

Meðal þeirra sem vilja hafa páfa í járnum er Richard Dawkins, prófessor við Oxford-háskóla.

„Þessi fyrri yfirmaður rannsóknarréttarins ætti að vera handtekinn um leið og hann dirfist að stíga út fyrir þetta hálfildings lénsveldi sitt, Vatíkanið,“ segir Dawkins í nýlegum pistli.



Páfinn hefur verið ásakaður um að hafa leynt glæpum gegn börnum. Bandarískur prestur, Stephan Kiesle, hafði verið dæmdur fyrir kynferðis-brot árið 1978 og beðið um að fá að hætta að þjóna sem prestur.

Biskup yfir honum tók undir þetta og bað Ratzinger árið 1981 um að leyfa þetta. Ratzinger svaraði árið 1985 og mælti gegn því að Kiesle yrði sviptur kjól og kalli. Hann bað biskup heldur um að sýna varkárni. Hann skyldi hafa „hagsmuni allrar kirkjunnar“ í huga.

- kóp

BENEDIKT XVI. PÁFI Sífellt fleiri ásakanir á hendur kaþólskum kirkjunnar mönnum heyrast.

NORDICPHOTOS/AP

Lögreglan á Suðurnesjum:

Fimmtíu fölsuð vegabréf tekin

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Suðurnesjum lagði hald á 53 fölsuð eða sviplík ferðaskilríki á síðasta ári.

Auk þess var för þrjátíu manna stöðvuð í Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem reyndu að komast til landsins með ölögmætum hætti.

Helsta ferðaleið þeirra sem reyndu það var frá Ósló, Stokk-hólmi og Kaupmannahöfn, að því er kemur fram á vef Víkurfrétta.

Samkvæmt ársskýrslu lögreglunnar á Suðurnesjum varð mikil fjölgun í skjalafalsi á ferðaskilríkjum árið 2009 frá fyrra ári. - fb

NILFISK
Ryksugur
Hrein snilld!



SKAÐINN AUGLYNGASTOFA

FÖNIX

- fyrsta flokks. Stór orð sem reynslan réttlætir.

Hátúni 6a • 105 Reykjavík
Sími 552 4420 • www.fonix.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



GOSIÐ Fjöldi ferðamanna hefur lagt leið sína að gosstöðvunum að undanfögnu og þeim á eftir að fjölga til muna í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/CVA



FERÐAMENN Búist er við að 50 til 75 þúsund manns leggi leið sína á Morinsheiði og nærliggjandi fjöll í sumar.

MYND/HREINN ÓSKARSSON

Laga stíga vegna gossins

Skógrækt ríkisins hyggur á ferð í Goðaland til að lagfæra stíga. Búist er við að 50 til 75 þúsund manns leggi leið sína þangað í sumar vegna gossins á Fimmvörðuhálsi. Samvinna verður við þýrlubjónustur um verkið.

NÁTTÚRA Mikil umferð hefur verið um svæði í nágrenni gosstöðvanna við Fimmvörðuháls með tilheyrandi álagi á svæðin. Búast má við að sú umferð aukist enn með hækkandi sól og því er farið að huga að því að gera allt sem best úr garði fyrir sumarið.

Skógrækt ríkisins hefur haft umsjón með Goðalandi og Þórs-mörk síðan á þriðja áratug 20. aldar. Svæðin voru friðuð fyrir beit og síðan hafa birkiskógar breiðst þar út. Til að koma í veg fyrir gróður og jarðvegsskemmdir



HREINN ÓSKARSSON

staumum niður í Goðaland. Stígar á svæðinu eru engan veginn gerðir til að anna slíkum ferðamanna-

í brattlendi á nú að fara í átak til að bæta stíga-kerfið. Það er einnig gert með öryggissjónar-mið í huga.

„Það hefur verið gríðarleg aukning ferðamanna um svæðið með hraun-

straumi og allra síst að vori til,“ segir Hreinn Óskarsson, verkefnisstjóri Heklusköga og starfsmaður Skógræktar ríkisins.


Hreinn segir von á fjölda manns í sumar. „Það er áætlað að 50 til 75 þúsund manns eigi eftir að ganga upp á Morinsheiði og á nærliggjandi fjöll ofan Bása til að berja nýja eldfjallið og hraunstraumana í Hrunagili og Hvannárgili augum. Þeir munu koma óháð því hvort áfram heldur að gjósa eða ekki.“

Nú er unnið að því að tryggja það fjármagn sem þarf til að ljúka


verkinu eins fljótt og hægt er áður en ferðamannastraumurinn hefst fyrir alvöru. Hreinn segir marga hafa komið að verkefninu: Ferðamálstofu, ferðabjónustuaðila á Merkursvæðinu, Rangárþing eystra og sjálfboðaliða í stígagerð frá Umhverfisstofnun.

Á miðvikudag verður farin ferð í Goðaland og Hreinn segir að samningar séu að nást við þýrlubjónustur um að flytja efni á svæðið. Allir hafi hag af því að koma þessum hlutum í lag fyrir sumarið.

kolbeinn@frettabladid.is



Stefnir – Samval. Meiri möguleikar á breytilegum markaði.



ÍSLENSKA SJÁIS ARI 49433 04/10

Verðbréfabjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis.

Kynntu þér sjóðina hjá starfsfólki verðbréfabjónustu Arion banka í síma 444 7000, í næsta útibúi eða á arionbanki.is/sjodir

*Upplýsingar fengnar af www.sjodir.is fyrir tímabilið 28.02.2005-28.02.2010.

- * Fjárfestir í þeim eignaflokkum sem ákjósanlegastir eru hverju sinni – eignastýring í einum sjóði
- * Virk stýring í skuldabréfum og hlutabréfum. Áhersla á ríkistryggð skuldabréf undanfarin misseri
- * Fjárfestir að mestu í öðrum sjóðum til að auka enn frekar áhættudreifingu
- * Góður kostur í langtímasparnaði og hentar vel í reglubundnum sparnaði
- * 15,4% meðalnafnávöxtun síðastliðin 5 ár*
- * Lágmarkskaup 5.000 kr.

Hafðu samband
sími 444 7000 • arionbanki.is

Arion banki

Ávöxtunartölur vísa til fortíðar. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur þeirra. Vakin er sérstök athygli á að almennt fylgir áhætta fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum sjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Stefnir - Samval er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Stefnir hf. Nánari upplýsingar um sjóðinn, þ.a.m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum hans, má finna í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á www.arionbanki.is/sjodir.

Hopp og hí og allir fara í Sumarfrí á frábæru verði!



4 jafnar vaxtalausar greiðslur

Skiptu kostnaðinum í fjórar vaxtalausar og jafnar greiðslur á www.urvalutsyn.is. Miðað við að greitt sé með greiðslukorti eða bókað á netinu. 3% færslugjald leggst ofan á uppgæfið verð.



PORTÚGÁL

Vinsælastur frá upphafi!

Ótal Íslendingar eiga góðar minningar frá Portúgal enda hefur landið verið allra vinsælasti áfangastaður okkar árum saman. Í Portúgal mæstast gamli og nýi tíminn og mynda heillandi veröld. Portúgal er land sólgylltra stranda, skuggsælla skóga, öldusorfinna kletta og hvítalkaðra húsa. Land þar sem virðulegir kastalar, kyrrlátar kirkjur og syngjandi vindmyllur standa eins og þær hafi orðið viðskila við nútímann. Allt það helsta sem ferðamenn á sólarstað þrá.

VERÐ FRÁ: **7 nætur 82.900kr.***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi á Aparthotel Oceanus – Olhos D' Aqua. Brottför: 10. júní.



MARMARIS

Perla Tyrklands

Marmaris er einn vinsælasti ferðamannastaður á Tyrklandi og hefur svo sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum. Þetta er fallegur strandbær í skógi vöxnum fjallshlíðum. Útsýni yfir Marmarisflóa er fagurt, sjórinn glitrar og seglskútur í hundrðatali setja svip sinn á umhverfið. Veitingastaðir eru þekktir fyrir fjölbreytni og ferskleika. Gestrisni heimamanna er rómuð og verðlag er sérlega hagstætt. Spannandi staður þar sem allir finna eitthvað við sitt hæfi!

VERÐ FRÁ: **10 nætur 109.495kr.***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi á Hotel Club Aida. Brottför: 19. júní.



TENERIFE

Staður hinna vandlátu

Tenerife er sú stærsta af Kanaríeyjunum og sker sig úr fyrir einstakt náttúrufar og veðursæld, hreinleika og góðan aðbúnað. Í suðurhlutanum, þar sem við erum með okkar gististaði, skín sólin nánast alla daga ársins og þar er vinsælast að vera. Meðalhiti er 20-22°C en á svalari dögum fer hitinn sjaldan undir 15°C. Í boði er fjölbreytt úrval skoðunarferða fyrir þá sem það vilja og hægt er að velja milli margra mismunandi gistinga.

VERÐ FRÁ: **7 nætur 99.900kr.***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi á Parque de Las Americas. Brottför: 20. júní.

Áratuga reynsla Úrvals-Útsýnar og þaulreyndir fararstjórar tryggja farþegum okkar gott frí á frábæru verði. Gæða gististaðir í ýmsum verðflokkum, áhugaverðar skoðunarferðir í fallegri náttúru, menningar- og sögustaði að ekki sé talað um frábæra golfvelli. Það er fátt betra en frí á sólarströnd, þar sem blátær sjórinn og himininn renna saman í eitt. Óskafrí þar sem hægt er að hlaða batteríin í rólegheitum og koma heim með orku sem endist fram á vetur.



ÚRVAL-ÚTSÝN

MEIRA Á
urvalutsyn.is



* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu.

LÁGMÚLA 4 – 108 REYKJAVÍK – SÍMI 585 4000

FRÉTTAVIDTAL: Sama óstjórnin var að baki hruns íslenskra banka og risabanka í Bandaríkjunum.

Skipta má út nafni Lehman fyrir

Mark T. Williams, höfundur nýrrar bókar um fall bankans Lehman Brothers í Bandaríkjunum, segir íslenska banka hafa fallið af sömu sé sýnidæmi um þörf á auknu opinberu aðhaldi. Íslendingar hafi sjálfir málað sig út í horn. *Óli Kristján Ármannsson* ræddi við höfund-

„Í stað Lehman Brothers gæti allt eins staðið Glitnir,“ segir Mark T. Williams, höfundur nýrrar bókar um fall bandaríska fjárfestingarbankans Lehman Brothers. Williams er Íslandi að góðu kunnur, hefur komið hér bæði til námskeiðahalds og sem ráðgjafi í áhættustýringu.

Mark Williams er Íslandsvinur og kveðst glaður leggja sér til munns hval, lunda, hrossakjöt, og hvaðeina annað bragðgott. Hann kom fyrst hingað til lands fyrir um sex árum sem ráðgjafi í áhættustýringu fyrir Glitni banka. Hann hefur einnig komið hingað sem fyrirlesari í Háskólanum í Reykjavík vegna samstarfs skólans við Boston-háskóla þar sem Williams kennir. Hann viðurkennir að hafa fundist erfitt að sjá þann viðsnúning sem hér hafi orðið í hagkerfi þjóðarinnar. „En ástæðnanna fyrir því hruni er náttúrulega ekki eingöngu að leita innanlands heldur stuðluðu líka að þættir í alþjóðahagkerfinu,“ áréttar hann.

Kafa þarf eftir orsökum hrunsins

Williams segir að sömu lögmál hafi verið að verki hér og í Bandaríkjunum. Óhófleg áhættusækni hafi einkennt rekstur bankanna um leið og eftirlit og umgjörð hins opinbera vegna fjármálaþjónustu hafi brugðist. „Í bókinni er áhersla lögð á umfjöllun um kerfislæga

Kynningarferð vegna útgáfu að hefjast

Mark T. Williams leggur á næstu dögum upp í ferðalag um heiminn vegna kynningar á nýrri bók hans, *Uncontrolled Risk*. Bókin er á leið í verslanir en í henni fjallar hann um orsakir falls bandaríska fjárfestingarbankans Lehman Brothers og stöðu fjármálakerfisins í heiminum.

Mark nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar sem sérfræðingur á sviði áhættustjórnunar, en hann er kennari við viðskipta- og hagfræðideild Boston-háskóla. Þá hefur hann komið hingað til lands, bæði vegna samstarfs Boston-háskóla við Háskólann í Reykjavík og sem ráðgjafi við áhættustjórnun hjá Glitni.

Frekari upplýsingar um bókina og höfund hennar er að finna á vefnum www.uncontrolledrisk.com.



áhættu,“ segir hann, en skortur á eftirliti hafi orðið til þess að forráðamenn banka á borð við Lehman Brothers hafi fengið að fara offari í áhættusækni og skuldsetningu fjármálafyrirtækja. Sama hafi gerst í íslenska bankakerfinu.

Ábyrgðin á hruni fjármálafyrirtækja liggur nokkuð víða að mati Williams. „Það átti sér stað stórslys í fjármálaheiminum og á slyssstaðnum má finna marga sem hlut áttu að máli. Stjórnmalamenn eiga stóran hlut. En svo líka endurskoðendur, seðlabankinn, líkt og hjá ykkur, eftirlitsstofnanir, fræðimenn sem



MARK T. WILLIAMS

hefðu átt að gera sér grein fyrir hættunni, matsfyrirtækin sem gáfu undirmálslánavaðningum hámarks-einkunn og sögðu þá lausa við áhættu og svo höfum við fjárfesta sem

lögðu fjármuni sína í áhættusama hluti án þess að vinna heimavinnu sína.“

Williams segir að í Bandaríkjun-

um, eins og hér á landi, hafi margir viljað skella skuldinni á fjármálafyrirtækin, en hann telur að leita þurfi dýpra að orsökum hrunsins. „Fjármálamarkaðurinn á Wall Street fékk lausan tauminn. Það má líkja þessu við handboltaleik þar sem dómarnir eru utan vallar. Hverjum er það þá að kenna ef leikurinn fer úr böndunum?“

Ísland málaði sig sjálf út í horn

Lykilinn að endurreisninni segir Willams líkast til að hlutaaðigandi gangist við ábyrgð á mistökum sínum þannig að hægt verði að byggja á nýjum grunni. Hann bendir á að Alan Greenspan, fyrrum seðlabankastjóri Bandaríkjanna, hafi nýverið vísað frá sér allri ábyrgð. Þó hafi vaxtastefna Bandaríkjanna ýtt undir ofgnótt lausafjár og þenslu um heim allan.

„Leiðin út er að horfast í augu við þá þætti sem stuðluðu að hruninu og það þarf að efla og sameina eftirlit með fjármálafyrirtækjum,“ segir Willams og bendir á að á meðan fjöldi banka hafi farið á hausinn í Bandaríkjunum hafi ekki einn einasti fallið í Kanada. „Það er af því þeir hafa einn eftirlitsaðila og aðhaldið er því meira. Þetta er eins og barn sem lýtur aðhaldi eins foreldris, í stað þess að geta hlaupið á milli tveggja, eða jafnvel stjúpforeldra líka til að fá sínu framgengt.“

Í nýju bókinni er vísað til Íslands í framhjáhlaupi sem eitt af fórnarlömbum hruns Lehman-bankans, en fall hans í september 2008 hafði áhrif um heim allan.

Williams segir marga í fræðimannasamfélaginu hafa haft samúð með Íslandi í þeim hamförum sem hér riðu yfir með falli bankanna. Hann hafi sjálfur haft samband við stjórnvöld og boðið fram aðstoð sína, endurgjaldslaust, sem ráðgjafi. Þá vissi hann um kollega ytra sem gert höfðu það sama. „En maður fékk eiginlega engin svör. Það var eins og enginn vissi hver væri við stjórnvölinn.“ Hann segir marga í samfélagi fræðimanna þó hafa orðið fyrir vonbrigðum með þau skilaboð sem héðan komu um að fremur ætti að kenna Bretum um íslenska hrunið en að beina sjónum inn á við.

Reiptog banka og eftirlits

„Þó svo að Bretar hefðu getað verið liðlegri og unnið með landinu í stað þess að ýta undir lausafjárkreppuna þá sáuð þið sjálf um að mála ykkur út í horn. Þar voru þið með ykkar eigin pensla og málningu. Þar er Ísland í sömu sporum og Bandaríkin. Þeir sem ábyrgð bera þurfa að stíga fram og viðurkenna hana, svo að hægt sé að taka skrefin fram á við.“ Williams segir þó líkast til standa nærri eðli mannsins að vilja leita að sök



Glitni

sökum og Lehman. Ísland inn sem er landinu kunnur.

annars staðar en hjá manni sjálfum, það eigi við jafnt á Íslandi sem í Bandaríkjunum.

Að mati Willams er ekkert hagkerfi öflugra en bankarnir sem í því starfa og þar sé komin helsta röksemdin fyrir öflu­gu eftirliti og aðhaldi með fjármá­lafyrirtækjum.

„Við vitum að bankar með meira eigið fé eru líklegri til að lifa af. Þá vitum við að bankar sem síður eru skuldsettir eru það líka. En þegar eftirlitsstofnanir fara fram á hærra eiginfjárhlutfall banka og minni skuldsetningu þá er það eins og að meina þeim að græða meiri peninga. Það má líkja þessu við reiptog þar sem öðru megin eru bankamenn sem vilja búa til hagnað og hinu megin eftirlitsstofnanir sem vilja halda bönkunum á lífi. Auðvitað vilja bankastjórnendur ekki stuðla að hruni banka sinna, en um leið er það hagnaðarhvatinn sem rekur þá áfram.“

Williams segist hafa verið hugfanginn af íslensku bönkunum og elju starfsfólks þeirra, en um leið hafi verið athyglisvert að þeir hafi skilað mun meiri hagnaði en aðrir bankar. „Það segir manni að meiri áhætta var tekin. Bankarnir voru því engin fórnarlömb,“ segir hann og kveðst hálfsjá eftir að hafa fallið frá ritun greinar sem hann hafði hafið í október 2007 um aukna áhættu í íslenska fjármálakerfinu.



BER BURT DÓTIÐ Gjaldprot Lehman 15. september 2008 var reiðarslag fyrir fjármálaheiminn. Höfundur Uncontrolled Risk líkir áfallinu við hryðjuverkaárásirnar á tvíburaturnana í New York 11. september 2001. Hér má sjá starfsmann yfirgefa bankann með eigur sínar í kassa eftir að gjaldprot hans varð ljóst.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



NÝR VELTIBÍLL
Öllum ökunemum er nú skylt að fara eina bílveltu í veltibílnum til að upplífa hve nauðsynleg bílbelti eru.

Til hamingju með nýja húsið!

Sjóvá afhendir færanlegt forvarnahús



TVEIR NÝJIR SKRIKBÍLAR
Hjólábúnaðurinn undir bílnum eykur skilning á akstri við erfiðar aðstæður með því að líkja eftir skilyrðum sem skapast stundum í hálku, bleytu eða lausamöl.

Sjóvá hefur látið innrétta flutningabíl með kennsluadstöðu og búnaði til að fræða unga ökumenn um land allt, svokallað færanlegt forvarnahús. Sjóvá færir Forvarnahúsinu búnaðinn og meðfylgjandi eru tveir skrikbílar og veltibíll. Markmiðið er að fræða unga ökumenn svo þeir geri sér grein fyrir þeim hættum sem geta skapast í umferðinni. Búnaðurinn verður einnig nýttur á almennum námskeiðum um slysavarnir sem standa öllum landsmönnum til boða.

Sjóvá óskar Forvarnahúsinu til hamingju með nýja færanlega forvarnahúsið.



Hvað þarf að gera til að endurreisa traust umheimsins á Íslandi?

Fjögur skref

Á kvörðun stjórnar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um að taka endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands á dag-skrá seinnar í mánuðinum skiptir miklu máli, ekki sízt fyrir traust umheimsins á Íslandi og trú á því að landið geti staðið við skuldbindingar sínar. Það er stórt skref fram á við að hreyfing skuli á ný vera komin á mál Íslands hjá sjóðnum, þótt Icesave-deilan sé enn ekki til lykta leidd.

Þar eru þó áfram augljós tengsl á milli. Eins og Fréttablaðið sagði frá á laugardag, er í endurskoðaðri viljayfirlýsingu Íslands og gjaldeyrissjóðsins kveðið á um að stefnt sé að því að ná niður-

stöðu í Icesave-deilunni sem fyrst. Sá fyrirvari er þó sleginn af Íslands hálfu að niðurstaðan verði að vera viðunandi. Að ljúka Icesave-málinu er annað skref, sem nauðsynlegt er að stíga til að hægt sé að halda áfram á braut endurreisnarinnar hér á landi. Sumir

telja að verið sé að spara skattgreiðendum mikla peninga með því að klára ekki málið. Það er rangt. Biðin kostar almenning á Íslandi háar fjárhæðir í formi glataðs lánstrausts og seinkunar fjárfestinga, sem myndu efla hagvöxt og atvinnu í landinu.

Þriðja skrefið, sem mun hjálpa okkur við endurreisnina, er að leiðtogar aðildarríkja Evrópusambandsins samþykki að hefja formlegar aðildarviðræður við Ísland. Aðildarviðræður eru skýr yfirlýsing af Íslands hálfu um að stefnt sé að því að regluverk og eftirlit hér á landi sé með sama hætti og í ríkjum Evrópusambandsins og að þær umbætur, sem þar eru nú til umræðu, komi einnig til framkvæmda hér á landi. Þær eru sömuleiðis yfirlýsing um að stefnt sé að því að taka upp trúverðugan gjaldmiðil og beita þeim aga við hagstjórnina, sem nauðsynlegur er til að taka þátt í myntbandalagi. Þetta mun efla traust umheimsins á íslensku efnahagslífi.

Það er rétt, sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra, sagði í viðtali við þýzkan blaðamann, að fáir virðast þora að taka pólitíska forystu fyrir aðildarumsókninni þessa dagana. Ályktun hennar er hins vegar röng. Þetta þýðir ekki að fresta eigi umsókninni, heldur að fólk í öllum flokkum, sem hefur trú á að ESB-aðild muni stuðla að því að efla hagsæld og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs til lengri tíma, láti ræki-lega í sér heyra. Það er ekkert nýtt að í upphafi aðildarferlis sé stuðningur við ESB-aðild lítill. Það átti við í ýmsum núverandi aðildarríkjum ESB en dró ekki kjarkinn úr stjórnámálamönnum, sem höfðu trú á eigin málstað.

Síðast en ekki sízt biða margir alþjóðlegir sérfræðingar, sem fylgjast með þróun mála á Íslandi, spenntir eftir rannsóknar-skýrslu Alþingis, sem birt verður í dag – og ekki síður eftir viðbrögðunum við henni. Margir hafa látið í ljós undrun yfir því að fáir hafi viljað axla ábyrgð á því, sem fór úrskeiðis í aðdraganda bankahrunsins og draga af því lærdóma. Nú er vonandi kominn sá tími að það breytist.

Þetta eru fjögur skref, sem nauðsynlegt er að stíga til að efla traust umheimsins á Íslandi og greiða fyrir endurreisninni.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edvald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Sérhönnuð hárvörulína fyrir

KRULLAÐ HÁR



Nærir, mótar og ýkir liði og krullur

TONI & GUY

HANNAÐ AF FAGFÓLKI - Á VERÐI FYRIR ÞIG

FRÁ DEGI TIL DAGS

Fátækt 2010

Til leigu eða sölu frábærra staðsett verslunar og lagerhúsnæði, alls 870,7fm til sölu (1.217fm til leigu) á tveimur hæðum með mörgum innkeyrsludrygum að Stórhöfða í Reykjavík. Efri hæðin (götu-skrifstofuhæðin) er 343fm með frábæru útsýni, sex skrifstofuherbergjum, kaffistofu og fundarherbergi. Lagerhúsnæðið (neðri hæðin) er alls 527,7fm með 5 metra lofthæð og stóru útsvæði. Hillur og rekkar geta fylgt. Húsið er klætt að utan með viðhaldsfríri áklæðningu og álguggum og er í mjög góðu ástandi. Allur frágangur húsnæðisins er vandaður. Aðkoma að húsinu er góð, næg bílastæði og tenging við helstu umferðaræðar mjög góð.

Hverfið er eftirsótt og hentar mjög vel fyrir ýmis konar atvinnustarfsemi. Margar verslanir, heildsölur og skrifstofur eru í götunni. Starfsemi er í húsinu allan sólarhringinn. Tölvulagnir eru góðar í húsinu. Allar frekari upplýsingar gefur Bergur Steingrímsson í s. 896-6751.



Bergur
Steingrímsson
8966751
bergurst@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarin@remax.is





Stakfell

Grunnur að góðu lífi

Fasteignasala • Íbúðarhúsnæði • Skúlatún 2 • 105 Rvk

535_1000

Þorlákur Ó. Einarsson
lögg. fasteignasali
stakfell.is





Ásakór 13-15 - Nýjar íbúðir
3ja, 4ra og 5 herb. íbúðir í nýju lyftuhúsi. Íbúðir eru innréttaðar en án gólfema nema bað og þvottah. er flísalagt. Stæði í bílskýli fylgir hluta íbúða. Verð frá 21,9 millj.



Kjarrhólmi - 4 herb
90 fm íbúð á þriðju hæð. Íbúðin er parketlögð nema bað er flísalagt. Svefnherbergi rúmgóð. Þvottah. í íbúð. Áhvilandi hagstæð lán. Verð 19,9 millj.



Hlíðarvegur - nýtt parhús
240,7 fm parhús á tveimur hæðum þar af 33 fm innb. bílskúr. Húsið afhendist tilbúið undir málningu og innréttinga. Hítalagnir í gólfum. Allir milliveggir verða komnir. Að utan verður húsinu skilað fullbúnu með grófjafnaðri lóð. Góð eign á veðursælum stað.



Austurtún - Álftanesi - parhús
Húsið er 204,6 fm á tveimur hæðum með hitalögnum í gólf, rafmagnstafla komin. Afhendist tilbúið og einangrað að utan en fokhelt að innan. Lóðin gróðfögnuð.



Álfkonuhvarf - 4ra herb.
130,8 fm íbúð á 1. hæð með sérinngang ásamt stæði í bílageymslu. Vandaðar innréttingar, eikar parket á gólf. Verð. 28,9 millj.



Laufásvegur - Þingholtin
242,2 fm einbýlishús þar af er bílskúr 49,0 fm. Húsið er á tveimur hæðum auk kjallara og geymslu í risi. Í kjallara er sér íbúð. Verð 69 millj.



Fjarðarás - Einbýlishús
265 fm tvílyft hús með innbyggðum bílskúr. Húsið er á veðursælum stað og með grónum garði. Sér íbúð á neðri hæð. Verð 58 millj.



Hálsasel - Einbýlishús
317,4 fm reisulegt einbýlishús með aukaíbúð á jarðhæð og innb. 26 fm bílskúr. Húsið er mjög fallegt sem og lóðin og allt umhverfi. Heitur pottur. Húsið er vel staðsett, innst í lokuðum botnlanga í fjölskylduvænu hverfi. Verð aðeins 55 millj. Laus strax!



Hátún - Einbýlishús
220,9 fm einbýli á þremur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Eignaskipti möguleg m.a. á atvinnuhúsnæði eða minni eign.



Bakkasel - Raðhús - skipti á minni eign
264 fm tvílyft raðhús með kjallara í Seljahverfinu. 19,5 fm. bílskúr innif. í stærðinni. Skjólsæll og fallegur garður. Hítalagnir að húsi. Lækkað verð.

Höfum kaupanda af 2ja - 3ja herb íbúð í 101,105 eða 107

Leitum að rað- eða parhúsi í Kópavogi eða Garðabæ

Höfum kaupanda af 3ja herb. íbuð í Kópavogi eða Garðabæ

Leitum að einbýlishúsi í skiptum fyrir tvær eignir



Kúrland - Raðhús í Fossvogi
300 fm tvílyft raðhús með bílskúr. Efri hæð: anddyri, stofa, eldh., 4 herb. Neðri hæð: forst., hol, 4 herb., bað, þvott geymsla. Verðtilboð.



Vesturberg - endaraðhús
213,7 fm endaraðhús, þar af 30,9 fm innbyggður bílskúr. Nýlega var eignin steinuð og þússuð að utan. Eignin er í grónu hverfi. 100% yfirtaka. Eignin er laus. Verð tilboð



Lækjasmári - Lækkað verð
288,7 fm hæð/ endaíbúð, þar af 26 fm stæði í bílageymslu. Um er að ræða 7 herb. snyrtilega eign. Öll gólfefni eru vönduð. Allar innréttingar eru sérsmiðaðar og með granít borðplötum. Sér inngangur og sér bílastæði við húsið.



Hraunbær - 5 herb+ bílskúr
114 fm íbúð á jarðhæð (1. hæð). Íbúðin skiptist í 4 svefnh., stofu, eldhús, baði og þvottah.* Eigandi á bílskúr í bílskúralengju handan götunnar og er hægt að kaupa hann líka. Verð 23 millj.



Skerjabraut - 3ja herb.
70,9 fm íbúð á 2. hæð í snyrtilegu fjölbýli á Seltjarnarnesinu. Rúmgóð íbúð með mikið útsýni yfir Skerjafjörðinn. Áhvilandi hagstætt lán. Verð. 18.9 millj.



Línakur - 4ra herb
122 fm íbúð á útsýnisstað á Arnarneshæð. Parket á gólfum nema baði og þvottah. sem er í íbúð. Sér inngangur. Suðursvalir. Verð 29,5 millj.



Hringbraut - 3ja herb
93,2 fm íbúð á 3. hæð. Auka herbergi með aðgangi að salerni er í risi. Geymsla og sameiginl. þvottahús í kjallara.



Ásbraut - 3ja herb + bílskúr
111 fm endaíbúð í suðvestur á 4. hæð, þar af 25,2 fm bílskúr á fallegum útsýnisstað við miðbæ Kópavogs. Skipti kom til greina á stærri eign. Verð 21,7 millj.



Framnesvegur - 3ja herb.
53,2 fm íbúð í hjarta Reykjavíkur. íbúðin er töluvert endurnýjuð, t.d. innrétting í eldhúsi o.f.l. Rúmgóð stofa og svefnherbergi. Áhvilandi hagstæð lán.



Skipalón - 50 ára + lyftuhúsi
120 fm glæsileg 3ja herbergja íbúð á annarri hæð í lyftuhúsi með stæði í bílageymslu. Sérsmiðaðar innréttingar með granít borðplötum. Tvö baðherbergi, eitt innaf hjónaherbergi. Áhvilandi hagstæð lán. Verð 27,9 millj.



Skipasund - 3ja herb
Mikið endurnýjuð 94 fm sérhæð í þríbýli. Plankaparket á gólf. Ljós og rafmag er nýlegt, gervihnattadiskur fylgir íbúðinni. Skipti möguleg á íbúð á Selfossi.



Þingholtsstræti - 2ja herb. í miðbæ Rvk.
65,7 fm flott íbúð sem skiptist í opið rými með stofu, eldhúsi og borðst., svefnh. og bað. Útsýnisvalir. Samþvottah. í kjallara. Húsið og sameign öll endurnýjuð.



Álfhólsvegur - 2ja herb.
61,8 fm íbúð í Kópavogi. Eldhús upprunalegt en snyrtilegt. Rúmgott svefnherbergi og stofa. Verð. 14,5 millj.



Lynghagi - 2ja herb.
56 fm íbúð í Reykjavík. Snyrtileg íbúð. Rúmgott svefnherbergi, stofa og eldhús. Verð 14,5 millj.



Stóreign

Fremri í atvinnufasteignum | S: 590 7600



Eignir óskast

Höfum fjársterka kaupendur af góðu atvinnuhúsnæði í útleigu.

Upplýsingar gefnar á skrifstofu Stóreignar.

Fasteignasala • Atvinnuhúsnæði •Skúlatún 2 • 105 Rvk



...góðar fréttir fyrir umhverfið

Varahlutir í VW Golf, Polo, Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

555 6666

Partahúsið erum að rífa Bens 200 Compreser árg .05, Bens CLS 500 .04, H1 Bensin .99, I30 .08, Berglingo .04, Partner .04, Galant .97-02, Audi A4 .96-03, Caddy .99-07, Man TGA 530 .05, Og fl. bílar. Hvaleyrarbraut 20, Hfj.

partabílar.is 770-6400

Er að rífa Swift 05-09, Grand Vítara .05 Yaris, .05 BMW 525 diesel, .02 Honda Civic .97 Renault Kango .99, Dodge Carvan .97 og Nissan Primera .99, almera .99, Peugeot 306 .98. Kia Spotage .00, Jeep Grand Cherokee 4,7 .99 Kaupum bíla í niðurrif.

Bílllutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eignum einnig varahlutir í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

VW, Skoda, Audi. S. 534 1045

Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúð, Suðurhella 10, Hfj.

ÞJÓNUSTA

Veislusalir

Veislusalur til leigu með eða án veitinga. Uppl. s. 696 2242.

Garðyrkja

www.save.is

SÁ VERKLAUSNIR EHF

Alhliða garðþjónusta og lóðafrágangur. Gerum föst verðtilboð.

Hellulagnir • hleðsluveggir, þökulagnir • sláttur • klipping, hreinsun • jarðvegsskipti.

Frekari upp, hjá Sigurði í s. 897 3057 eða á www.save.is

Alhliða garðþjónusta

Nú er rétti tíminn fyrir trjáklippingar og fellingar.

Garðþjónusta Íslands ehf

Vönduð vinnubrögð! Hjörleifur S. 844 6547 Róbert S. 866 9767

Viltu flotta verönd?

Komum á staðinn og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu. erum búnir að vera í sölupallasmíði í 16 ár, erum snöggir og vöndum vinnu okkar. Upplýsingar veittar í síma 6979660. Ólafur

www.betripollar.com

GARÐLIST

Allt fyrir garðinn á einum stað

- ▶ Trjáklippingar
- ▶ Garðsláttur
- ▶ Beðahreinsun
- ▶ Stubbatæting
- ▶ Garðauðun
- ▶ Þökulagnir
- ▶ Og margt fleira

Traust þjónusta í 20 ár

554-1989

Garolist.is

Sælugarðar

- Garðsláttur
- Garðauðanir
- Beðahreinsun
- Trjáklippingar
- Trjáfellingar
- Þökulagnir
- Hellulagnir
- Sölupallasmíði

Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu!

Kári sími: 824-1238

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

Hreinir Garðar

TRÁUST OG ÖRUGG GARÐHÖNUSTA

- Trjáklippingar
- Trjáfellingar
- Garðsláttur
- Beðahreinsun ofl.

S.571-2000

Er öspín til ama ?

Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

Smágröfubjónusta, hellulagnir, drenlagnir og öll almenn lóðavinna. Vönduð og góð vinnubrögð. Erum með vörubíl með krana. SS Hellulagnir. 691 8907. Sjá nánar á www.sshellulagnir.is

Felli tré, klippi, grisja og snyrti runna. Besti tíminn. Halldór garðyrkjum. S. 698 1215.

Trjáklippingar / fellingar / sláttur

Öll almenn lóðaumhirda. Sláttu-og garðþjónustan. S. 577 4444 & 892 9999.

Trjáklippingar / fellingar / sláttur

Öll almenn lóðaumhirda. Sláttu-og garðþjónustan. S. 577 4444 & 892 9999.

Trjáklippingar

Trjáfellingar og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufraeðingur s. 848 1723.

Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör ehf

Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta

www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Skattaframtal 2010

Bókhald, framtöl, stofnun fél, árs-reikn. VSK uppgj, erfðarfjár-skýrslur o.fl. HAGSTÆTT VERÐ. s. 517-3977, framtal@visir.is

Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.

Framtöl, M&A o.fl. S. 571 0040 Vesturgötu 42.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Fjármál



Fjármálaráðgjöf, útreikningar og gagnaðflun vegna greiðsluáðlögunar, yfir 20 ára reynsla, sími: 577-7796, 770-7796, www.regis.is

Málarar

ÍSLANDSMÁLUN

ÞAKMÁLUN • ÞAKMÁLUN HÚSEIGENDUR • HÚSFÉLÖG

Þarf að fara huga að viðhaldi á þakinu eða húsinu?

Löggiltur málarameisteri. Sérhæfur í málun og viðhaldi á þökum.

GERUM TILBOÐ HÉR AÐ KOSTNAÐALAUÐU

ÍSLANDSMÁLUN EHF

Upplýsingar gefur Grétar í s. 899 2008

Málarameisteri

Jón Ingvar Garðarsson málarameisteri tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafi., fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald

Steingæði ehf viðhaldsþjónusta

Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, málingu, pípu-lögn, glerisetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Fljót og góð vinnubrögð. Komum og gerum tilboð að kostnaðarlausu.

Steingæði

Uppl. í síma 899 2924

VISA - EURO - MASTER



ERU RENNURNAR FARNAR AÐ LEKA OG KOMINN TÍMI Á AÐ LAGA ÞÆR. Tek að mér Lagfæringar, Uppsetningar, Þakviðgerðir, Viðgerðar á Bárjárnsklæðningu og alla aðra Blikksmíðavinnu. Uppl. s. 694 8448 Ólafur.

Flisaverk.is

Gerum upp þaðherbergið frá A-Ö. Fagleg ráðgjöf við val á hreinlætistækjum. Niðurrif-Förgun-Múrverk-Flísalagnir-Pípulagnir-Rafmagn-Smíðar. **kristjan@flisaverk.is S: 898 4990.**

Visa/Master kortalán

Gluggar & hurðir úr PVC - U plastefni

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Ekkert viðhald

Áratuga reynsla

Kjarnagluggar

Selhellu 13 Hafnarfirði Sími: 554 2800 www.kjarnagluggar.is

Smíðum eftir máli

Gluggar • Fög • Útihurðir Svalahurðir • Bílskúrshurðir

Sérhæfð trésmíðja!

Hurðir & gluggar

Kaplahraun 17 • Hafnarfjörður Sími: 565 4123 • Fax 565 4129 elfjo@internet.is www.hurdirroggluggar.is



Húsaviðgerðir

Múrarar, málarar og smíðir með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Allt viðhald fasteigna. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

Parketlípun & lökkun

Áratuga reynsla Tilboð að kostnaðarlausu

Parketstöðin ehf s. 848 0891 og 894 0891

VISA MasterCard

Kortalán

VIÐHALD

fasteignaviðgerðir

Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

Við önnumst m.a.:

- múrviðgerðir • þakviðgerðir
- málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raftagnir
- flísalagnir.

Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.

- Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

LP VERK

SÍMI: 698 6738

Allar almennar húsaviðgerðir !!

Múrarar Smíðir Flísalagnir Málarar Rafvirkjar Píparar

Leitaðu tilboða þér að kostnaðarlausu ! WWW.LP-VERK.IS

BORGARSMÍÐI ehf. ALHLIÐA TRÉSMÍÐAVINNA

Þarftu að byggja eða breyta? Borgarsmíði er með margra ára reynslu í faginu. Erum með fagmenn á öllum sviðum.

Endilega hafðu samband. Sigurður: 899-5999

borgarsmidi@simnet.is

Pípulagnir

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

N & V Verktakar ehf

Flísar - parket - gífs- steinslípun - gífsmúr - mála og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149.

Málarameisteri, múrarar, flísalagnir, parket, svo sem málun utan sem innan og steypumúr og margt fleira. s. 771 6673.

Ryð og lekavarnir!

Varist kostnaðarsamar framkvæmdir, Við sérhæfum okkur í viðgerðum og málun á öllum stærðum og gerðum þaka. Andri og Kristján. S. 659 1509 & 773 4440.

Lekur þakið ?

Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

Stíflupjónusta

Stíflulosun Röramyndun

Losa stíflur úr salemum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.

Skolphreinsun Ásgeirs sf.

S.892 7260 & 567 0530

Tölvur

tölvuhjálpi!

Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr. Ókeypis vírusvörn

Nánar á www.tolvuhjalp.is

Sími 588-9590 Vesturvör 32a, Kópavogi

Þjónusta

Er kominn í þig vorhugur?

Ertu að undirbúa tiltekt í bílskúrnum, jarðvinnu eða einhverjar aðrar framkvæmdir?

ÓDÝRT!

Gámaþjónustan hf. býður nú þjónustu með opna og lokaða gáma á sérstöku tilboði. Leiga í allt að viku, akstur til og frá, losun og eyðingargjöld.

Upplýsingar í síma 535 2510

GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Söludeild Hringhella 6 • 221 Hafnarfjörður • Sími 535 2510 soludeild@gamar.is • www.gamar.is

Gerðu hreint fyrir þínum dyrum!

Þjónusta fyrir lítil og stór húsfélög.

Tilboð á sópun bílastæða, bilageymslum og gangstöttum. Lítið og lipurt tæki sem kemst víða að. Sölumenn skoða og gera föst verðtilboð, þér að kostnaðarlausu.

GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Hringhella 6 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 535 2510 gamar@gamar.is • www.gamar.is

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvín.

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagna-björgun. 18 ára reynsla, fint verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

Nudd

Whole body massage. S. 849 5247.

Nudd. Uppl. í s. 616 7919 & 867 3264 & 692 4351.

Nudd Nudd Nudd. Exclusive whole body massage in downtown. S. 692 2126

Unaðsnudd, frábært nudd á góðu verði. Láttu það eftir þér uppl. í síma 692 1123.

Good relaxing massage for men!!! S. 692 3219.

NUDD

Whole body massage. S. 841 8529.

Spádómar



Steinunn 908 6060

Tarot, miðlun, trúnaður. Aðgát skal höfð í nærveru sálar. Opíð 12-23 S. 894 9228 Steinunn visa/euro

Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína. Einkatímar. Tímarpantanir í s. 587 4517 Erla.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og pening-ar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun



Þjónusta



Önnur þjónusta



Tanka og pallaviðgerðir - Viðgerðir á ál-vélahlutum - Kerru viðgerðir - Öll almenn ál og ryðfrí smíði - 5 met. inn-keysluhurðir - Áratuga reynsla.

KEYPT & SELT

Til sölu



STUBBASTANDAR

Bæði standar og á vegg. Standur ehf. S. 842 2535.

Hlaupabretti til sölu lítið notað hlaupa-bretti Power Run 590 nýtt 125þ. en fæst á 75þ. uppl:615 2500

Óskast keypt

Kaupí gull !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmiðameistari, kaupí gull, gull peninga og gull skartgripí. Kaupí allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáid góð ráð.

Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Til bygginga



Harðviður til húsabygg-inga. Sjá nánar á www.vidur.is Vatnasklæðning, panill, pallaefni, park-et, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúf-ur. Penofin harðviðarolla. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

Krossviður, kambstál, gips og fl. Uppl. í s: 555 7905 og www.ultfurinn.is

Verslun



HEILSA

Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstill - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betr-iheilsa.is/erla

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskysrsla.is. Rannveig iðjubjálfi/einkabj. s. 862 5920.

Botnlaus orka betri liðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu frian þrúfupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifstill.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd



TANTRA MASSAGE

An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

BodyNudd.Láttu stjarna við þig þú átt það skilið Veljum Íslenskt Uppl í síma 8486255

NÝTT SPA - DREAM OASIS

NUDD: Heilln,Svæðan., Slökunarn., Ayurvedan., Heitsteinan., Tibet loftn., Hunangsnudd., Detox, Skrúbb, Pottur, Sólbekkir. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

NUDD

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Frábært nudd - good massage. S. 844 0329 & 846 1397.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

Smáskípanámskeið (x. pungapróf) í fjarnámi byrjar 19. apríl 2010

Námskeiðið stendur til 5. júní en nem-endur koma í innilotu 3. - 5. júní. Kjartan Örn veitir upplýsingar um nám-skeiðið í síma 665 1100 og skráning er á www.tskoli.is.

Ökukennsla

Kenni á Ford Focus tdci disel ,07 Uppl. í s. 892 9490 & 557 9387, Guðný I. Einarasdóttir.

www.aksturinn.is S. 694 9515

Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Ökukennsla, aðstoð við endurtöku-próf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Hvitt leðursófasett frá Öndvegi ásamt sófaborði 250 þús. AEG Oppþvottavél 75 þús. Uppl í síma 6996364.

Antík

Til sölu Antík sófasett. v. 200þ. uppl. í s. 564 6345 & 848 5059

Heimilistæki

Er þvottavélin biluð ?

Höfum til sölu yfirfarnar þvottavélar og þurrkarar, tókum bílaðar uppl. Einnig fjarlægjum við þvottavélar og stærri heimilistæki. Endurgjaldslaust. En einn-ig getum við greitt fyrir biluð tæki. S. 847 5545.

Dýrahald



Hreinræktaðir Chihuahua

Chihuahua hvolpar til sölu. Ættbókarfærðir og örmerktir. Blíðir hundar með frábært skap. Upplýsingar í síma 892 8778.

Pablon hvolpur til sölu ættbókaferðir og heilsufarsskoðun. Ódýr uppl: 690 8091.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person., Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Leiguliðar ehf

Fossaleyni 16 Skrifstofa Leiguliða auglýs-ir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

Til leigu ný 2ja herb. íbúð í miðbæ Reykjavíkur. Reglusemi og snyrti-mennska skilyrði. Fyrirframgreiðsla. Uppl. í s. 897 9390 og 896 1306.

Til leigu 3ja herb. íbúð í Breiðholti. Leiga 110 þús. á mánn. Laus strax. Uppl. í s. 699 7371.

Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

SKAMMTÍMALEIGU

SKAMMTÍMALEIGU-ÍBÚÐIR-RVÍK Í mið-bænum DRA.is/fyrirspurn á info@dra.is næg bílast 2-10 manna íbúðir

Húsnæði óskast

Húsnæði óskast á höfuðb.sv. fyrir reglu-sama fjölsk. 4 herb.+ Óskast laust sem fyrst, langt.leiga. S. 7716797

Popoli kvikmyndafélag óskar eftir ein-býlishúsum og blokkar íb. til notka í kvikmynd, skammtímaleiga uppl: sveinnvidar@hive.is / 847-6892

Fasteignir

Íbúðareigandi í Kaupmannahöfn óskar eftir skiptum á íbúð á Íslandi á höfuð-borgarsvæðinu. Uppl. í s. 895-0685

Sumarbústaðir

5 herb. 120 fm hús í Vaðlaheiði gengt Akureyri. Stutt í Hlíðarfjall. Gæludýr leyfð. Uppl. í s. 897 7613.

Atvinnuhúsnæði

Til leigu

Skrifstofuhúsnæði Til leigu gott 137 fm skrifstofu-húsnæði við Suðurlandsbaut. 2-3 rúmgóðar skrifstofur, móttu og snyrting. Möguleiki á stækku- un í 175 fm. Laust strax. Hafíð samband við Ólaf hjá Atvinnueignum í síma 824-6703. Atvinnueignir - stærsta leigumiðlun landsins í atvinnuhúsnæði.

Óskum eftir

á skrá 50 - 200 fm. fullbúnum lager- og iðnaðarhúsnæðum meðal annars í Helluhverfinu í Hafnarfirði. Hafíð samband við Ólaf hjá Atvinnueignum í síma 824-6703. Atvinnueignir - stærsta leigumiðlun landsins í atvinnuhúsnæði.

Til leigu Tunguháls 327 fm iðnaðar, 2 innkeysluhurðir, lofthæð 4,70 . Við sund. ca 85 fm. lager-iðnaðar á jarð-hæð og 25 og 45 fm. Vinnustofur á 2. Hæð. leiguval.is sími 553 9820 og 894 1022

Til leigu ca. 100 fm húsnæði á Viðarhöfða, stór hurð og hátt til lofts. Leigist í ca. 2 mánuði. Bílalyfta + loft-pressa á staðnum ,einnig litil íbúð. Uppl. í s. 899 4009

Bíldshöfði (Axarhöfði)

Til leigu 100 fm iðnaðarbil með iðnaðarhurð og gönguhurð. Uppl. í s. 698 3200.

Geymsluhúsnæði

geymslur.com

Geymslur frá 3990.- kr á mánn. í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggis-myndavélar. S. 555 3464.

www.buslodageymsla.is

Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

www.geymslaeitt.is

Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lág verð. Opíð 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

ATVINNA

Atvinna í boði



Sjávarkjallarinn

Viltu vinnna á einum besta veitingastað landsins? Ertu búin/n að útskrifast í matreiðslu? Við gætum verið að leita að þér! Kíktu á: http://umsokn.food-co.is



RENNISMIÐIR - FRAMTÍÐ!

Laus störf eru í boði hjá Vélvík handa rennismiðum. Óskað er eftir vönum mönnum með þekkingu og reynslu af tölvu-stýrdum smíðavélum Uppl. gefur verkstjóri í síma 587 9960 eða með tölvupósti á netfangið dg@velvik.is

Au pair. Ísl. læknahjón á Englandi óska eftir barngóðri stúlku (19+) t.a. gæta 2ja drengja: drmatthildur@msn.com

Aukavinna á kvöldin

Getum bætt við okkur fólki í síma-sölu. Frá kl. 17:30-21:30 virka daga. Kauptrygging og bónusar. Uppl. í S. 868 4551. Félagaþjónustan.

Vantar þýskukennara fyrir 2 börn, 9 og 11 ára, t.d. einu sinni í viku. Hafa bæði góðan grunn. Erum búsett í Reykjavík. Uppl. í síma 822 8586.

Starfsfólk vantar við ferðaþjónustu á Suðurlandi, þarf að geta unnið við öll almenn störf. Uppl. s. 894 9249

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið

Björgunarsveit tapaði trékassa af vél-sleða á Myrdalsjökli, miðvikudaginn fyrir páska. Sími: 865-3842.

Fundir



Munið félagsfundinn í kvöld í Mörkinni 6. Dagskrána má sjá á vef félagsins www.f4x4.is Stjórn F4x4.

Einkamál

Spjalldömur 908 1616

Opíð alla hátíðina þegar þér hentar.

908 1616.



VÍSIR.IS

“...ég sá það á vísi”



Við leitum að góðu fólki

vísir.is og Fréttablaðið kynna nýjan og öflugan atvinnu- og raðauglýsingavef

Á vefnum getur þú með einföldum hætti flett í gegnum og skoðað atvinnuauglýsingar Fréttablaðsins. Þú kaupir atvinnuauglýsingu í **Fréttablaðinu** - öflugasta auglýsingamiðli landsins og hún birtist frítt í heila viku á einum stærsta vefmiðli landsins – **vísir.is**

ALLT ATVINNA fylgir helgarblaði Fréttablaðsins... og birtist á **vísir.is** í viku



FRÉTTABLAÐIÐ

vísir.is
...ég sá það á visir.is

Fasteignir



Sími
568 2444

ÁBYRG FASTEIGNASALA – www.asbyrgi.is
Suðurlandsbraut 54 - við Faxafen - 108 Reykjavík



SÓLEYJARIMI – LAUS STRAX

Til sölu 3ja herb. 98 fm. mjög góð íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi með sérinnangi af svalangang. Stór stofa, þvottaherb. innan íbúðar. Glerlokaðar suðursvalir. Sérmerkt bílastæði í bilageymslu. Frábært útsýni. Stutt í alla þjónustu í Spönginni. Verð 26,9 millj.

Allar uppl. veitir Ingileifur Einarsson lögg. fasteignasali s. 8941448



Sími: 551 7270 og 893 3985



Hnoðravellir, raðhús, Hafnarfjörður

Glæsilega hannað og vel skipulagt raðhús á einni hæð 179,6 fm., f.u. ferm. í milliloftum. Rúmgóð herbergi. Húsið selst tilbúið til innréttinga eða fullbúið. Rafmagn fullbúið, öll inntökt o.fl. komið. Góð ákvílandi lán. Nánar á hibyliogskip.is



Seljavegur, 101 Reykjavík

Falleg nýlega endurnýjuð 3ja herbergja íbúð á 2.hæð, ásamt 3ja herbergja íbúð í risi, alls 121.6 fm. í litlu fjölbýli. Sérsmíðaðar vandaðar innréttingar. Sameign, allar lagnir endurnýjað og hús í góðu viðhaldi að utan. Kaupverð að stórum hluta ákvílandi

Þurður Halldórsdóttir hdl., lögg. fasteigna- og skipasali
www.hibyliogskip.is - hibyliogskip@hibyliogskip.is

- TRAUST Í VIÐSKIPTUM -

Auglýsingasími

512 54 01



Allt sem þú þarft...

Fundir / Mannfagnaður



HLUTHAFAFUNDUR

Atorka Group hf • Föstudaginn 23. apríl 2010 kl. 15:30
Hótel Hilton Nordica

DAGSKRÁ

1. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins:

a. Tillaga um breytingar á 4. gr. samþykktu félagsins sem fela í sér veitingu heimildar til stjórnar til hækkunar hlutafjár í félaginu, en jafnframt verði aðrar hækkunarheimildir felldar úr gildi.

i. Tillaga um niðurfellingu núverandi 4. mgr. greinarinnar sem felur í sér heimild stjórnar til hækkunar hlutafjár til að mæta kaupréttarsamningum.

ii. Tillaga um að stjórn félagsins verði veitt heimild til hækkunar hlutafjár til þess að mæta kröfum á grundvelli nauðasamnings félagsins.

b. Tillaga um breytingu á samþykktum félagsins til þess að uppfylla hluthafasamkomulag milli Eignarhaldsfélagsins Vestia ehf., Atorku Group hf. og annarra hluthafa.


i. Tillaga um að breyta tilgangi félagsins í 2. gr. samþykktanna.

ii. Tillaga um breytingar á samþykkishlutföllum samkvæmt 16. gr. samþykktanna.

2. Önnur mál löglega upp borin.

Dagskrá fundarins og tillögur stjórnar félagsins í samræmi við framangreint munu liggja frammi á skrifstofu félagsins fyrir hluthafa frá og með 16. apríl 2010.

Stjórn Atorku Group hf.



FÉLAG
RAFEINDAVIRKJA
STOFNAD 1968

Aðalfundur Félags rafeindavirkja

Aðalfundur Félags rafeindavirkja verður haldinn þriðjudaginn 20. apríl 2010 kl. 17:30 að Stórhöfða 31, gengið inn að neðanverðu.

Dagskrá:

Kynning: Er glóperan að deylla út? Venjuleg aðalfundarsörf. Kosning fulltrúa á ársfund Stafa. Önnur mál

Kveðja Stjórnin

www.rafis.is/frv

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

VÍSIR.IS

“...ég sá það á vísi”

Yfirburðir Fréttablaðsins aldrei meiri!

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og nýjasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.

93% Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 93% lesenda blaðanna

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán. til lau., hófuðborgarsvæðið 18-49 ára. Heimild: Blaðakannanir Capacent nóv. 2009 til jan. 2010.

66,3%

Lesi bara Fréttablaðið

6,8%


Lesi bara Morgunblaðið

26,9%

Lesi bæði Fréttablaðið og Morgunblaðið



Allt sem þú þarft...



KL 18:30

Þjóðarpuls sem ekkert er oviðkomandi.

Fjölbreytt og lifandi Ísland í dag
KL. 18:54

Alvöru íþrótt fréttir
KL. 18:47

Betra veður
KL. 18:23

Fjölbreytt og lífandi
Ísland í dag
KL 18:54

Alvöru
íþróttafréttir
KL 18:47

Betra
veður
KL 18:23

Hvað er í matinn?

Náðarbrauðið

BAKPANKAR
Gerðar
Kristnýjar

Við lifum á tímum gegndarlaus upp-
náms og ekki var síðasta vika frí af
slíku. Áslaug Guðrúnardóttir, fréttamað-
ur Ríkissjónvarpsins, flutti sláandi frétt
þar sem sýndar voru myndir sem virðast
teknar úr launsátri aftan á fólk sem biður
í röð eftir náðarbrauði Fjölskylduhjálpar-
innar. Í frétt Áslaugar benti félagsfræð-
ingurinn Harpa Njáls á að stjórnvöld hafi
alla tíð vitað að hér á landi væri greiddur
út lífeyrir sem ekki dygði til framfærslu.
Þess vegna hafi stjórnvöld heldur ekki
viljað reikna út hvað lífeyririnn þyrfti
raunverulega að vera hár.

Á hinum Norðurlöndunum væri félagslega
kerfið byggt upp á jöfnuði en ekki frjálts-
hyggju – eins og hér. Þess vegna þarf fólk
að þola þá niðurlægingu að leita á náðir
hjálpastofnana eftir brýnustu lífsnað-
synjum. Borgaryfirvöldum finnst mikil-
vægara að atvinnulaust fólk fái tækifæri
til að leika golf en að það geti borðað. Í
hugann kemur frásögnin af fátækrahæl-
inu í bókinni um Emil í Kattholti. Þótt
fátæklingunum hefði verið gefinn jóla-
matur fengu þeir ekki að njóta hans
því ráðskonan stakk honum undan og
át hann sjálf. Reykjavíkurborg virðist
eiga fé en ætlað að verja því í golfvöll.

FLEIRI alvarlegar fréttir rak á fjörur
fréttastofa því ekki höfðum við fyrr

gert okkur grein fyrir því að saklausir
borgarar létu í alvörunni lífið í hernaðar-
átökunum í Bagdad en fjölmiðlar tóku að
fjalla um tölvupósta sem flogið hefðu á
milli helstu hluthafanna í gamla Glitni og
æðstu stjórnum banka. Afskipti eigend-
anna þykja hafa verið svona heldur í meira
lagi. Margir hafa líka undrast að þessir
menn hafi látið hanka sig á tölvupóstum í
stað þess að ræða jafnmikilvæg efni í síma
eða á lokuðum fundum en á brotnum sem
Morgunblaðið birti úr tölvupóstunum sést
að menn hafa verið býsna öruggir með
sig. Orðalagið er kokhraust, enda er þetta
skrifað á glæstum tímum þegar allt virtist
mögulegt og orðið „skilaneftnd“ var okkur
ekki enn tamt á tungu.

Í einu af tölvuskeytum Jóns Ásgeirs
Jóhannessonar til Lárusar Welding banka-
stjóra skrifar hann um mál sem hann hafi
verið „að böggja með“ og kveðst setja eitthvað
„skýrt upp the bonus way“. Að gera
eitthvað „the bonus way“ varð strax fleygt
og gæti þetta orðatiltæki ef til vill komist
í sama flokk og „Ekkert mál fyrir Jón
Pál“, „Minn tími mun koma“ og „Ísland er
stórasta land í heimi“. Stundum hlotnast
fjölmiðlum sá heiður að skýra okkur frá
því sem við vissum í raun og veru alltaf.
Það er ömurlegt að vera fátækur, fólk deyr
í stríði og þeir sem eru valdamiklir og ríkir
vilja verða enn valdameiri og ríkari.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



HVAÐ ER Í MATINN? Á VÍSIR.IS

vísir.is kynnir skemmtilegan sérvef um
matargerð og hagkvæm matarinnkaup.

Með því að nota einfalt og skemmtilegt
kerfi útbúum við handa þér matseðil eftir
þínu höfði.

Kynntu þér ótrúlegan fjölda gómsætra
uppskrifta á Hvað er í matinn? á **vísir.is**



Demi afbrýðisöm

Leikkonan Demi Moore ku vera afskaplega öfundsjúk út í samband eiginmanns síns, Ashton Kutcher, og raunveruleika-stjörunnar Kim Kardashian. Þessi öfundskýki á einnig að vera kveikjan að erjum þeirra tveggja á samskiptavefnum Twitter, en Moore gagnrýndi Kardashian fyrir að nota orðið „pimpin“, sem á við melludölg.

Kutcher er mikill aðdáandi þáttanna Keeping Up With The Kardashians og

talar mikið um hvað honum finnist Kim skemmtileg og gáfuð, en þau hafa unnið saman að framleiðslu ýmissa sjónvarpsþátta. „Demi er enn svolítið óórugg með aldursmuninn á milli hennar og Ashtons og er öfundsjúk út í samband hans og Kim,“ segir heimildarmaður.

ÖFUND? Demi Moore á að vera öfundsjúk út í samband eiginmanns síns og Kim Kardashian.

NORDICPHOTOS/GETTY



Fær sjálfstraustið frá X-Factor

Cheryl Cole, söngfuglinn breski, hefur ekki átt sjö dagana sæla eftir að í ljós kom að eiginmaður hennar, bakvörðurinn Ashley Cole, hafði haldið ítrekað framhjá henni.

Cole er þó ekki af baki dottin heldur sækir sjálfstraustið sitt í sjónvarpsþáttinn X-Factor en hún er þar dómari ásamt hinum orðheppna Simon Cowell. „Það kom mér virkilega á óvart hversu vel hefur gengið. Að sitja í dómarsætinu hefur breytt mér, ég hef öðlast meira sjálfstraust,“ sagði Cole við breska fjölmiðla.

Um það hefur verið rætt í bresku

pressunni að Cole fái jafnvel dómarsæti í bandarísku útgáfunni sem Cowell hyggst byrja með á næsta ári. Sjálf hefur hún enga trú á því. „Það myndi koma mér stórkostlega á óvart. Og hreinlega hræða líftórana úr mér. Þeir í Bandaríkjunum vita ekkert hver ég er, þeir væru bara blindaðir af velgengninni í Bretlandi. Þar að auki er ég með alveg hrikalegan Newcastle-hreim sem enginn í Bandaríkjunum myndi skilja.“

VINSÆL Cheryl Cole nýtur mikilla vinsælda í Bretlandi og horfir til Ameríku.



VONDUR GAMALL KÆRASTI Mischa Barton varð fyrir barðinu á rætnum skilaboðum fyrrverandi kærasta síns.

Sögð vera feit

Það er ekki tekið út með sældinni að vera stjarna í Hollywood. Því fékk Mischa Barton að kynna teiti nýverið. Mischa má reyndar muna fífil sinn fegri hvað kvikmynda-og sjónvarpsferilinn varðar og hefur mátt þola ýmislegt mótlæti. Hún mátti því varla við að lesa illkvittnislegar athugasemdir fyrrum unnusta síns á twitter-síðu sinni.

Mischa og olíuferfinginn Brandon Davis voru par um skamma hríð. Þau hittust síðan í afmælisboði tímaritsins Nylon í Los Angeles og í kjölfarið fór hinn ofdekraði Davis á twitter-síðu sína og lýsti því yfir að Barton væri hugsanlega feitasta kona jarðar. Hin rætnu skrif Davis fóru eðlilega illa í Barton sem sást skömmu síðar keðjureykjandi eftir því sem sjónarvottur sagði við New York Daily News.

Gott að vera giftur

Robert Downey Jr. segir það yndislega tilfinningu að vera giftur. Leikarinn, sem oft komst í fréttirnar fyrir ósiðsamlegt líferni, gekk að eiga kvikmyndaframleiðandann Susan Levin fyrir fimm árum og segir að hann gæti ekki hugsað sér að lifa án hennar. „Ég er ekki að grínast þegar ég segi að Susan sé betri helmingurinn í okkar sambandi,“ sagði Downey í samtali við Independent.

Leikarinn segir þó að Susan hafi ekki breytt sér mikið. Hún hafi einfaldlega sett honum stólinn fyrir dyrnar á ákveðnum tímapunkti og það hafi orðið til þess að hann sigraðist á eiturrylfjafíkninni sinni. „Við breyttum hvort öðru og ég trúir því staðfastlega að ég og frú Downey munum verða saman til æviloka.“



HAMINGJUSAMUR Robert Downey er hrikalega hamingjusamur.

Hress í sumar



Konu átak

Konu átak

Kl. 6.05 3 x í viku

Kl. 9.15 3 x í viku Barnagæsla

Kl.17.30 3 x í viku Barnagæsla

Krefjandi átak fyrir konur í formi

Kl.18.30 3 x í viku Síðustu 5 kg.

- Vikulegur netpóstur
 - Vikuleg vigtun
 - Æfingaáætlun í tækjasölum
 - Meira aðhald í mataræði
 - Aðgangur að 4 stöðvum
 - Aðgangur að sundmiðstöðinni Ásvöllum
 - Nýtt hreinsandi mataræði (græna línán)
 - Fitumælingar og cm mælingar
- Verð 19.990.-





Karla átak

Karla átak

Kl.18.30 3 x í viku

- Vikulegur netpóstur
 - Vikuleg vigtun
 - Æfingaáætlun í tækjasölum
 - Meira aðhald í mataræði
 - Aðgangur að 4 stöðvum
 - Aðgangur að sundmiðstöðinni Ásvöllum
 - Nýtt hreinsandi mataræði (græna línán)
 - Fitumælingar og cm mælingar
- Verð 19.990.-



Stelpur 12-16 ára

6 vikna unglinganámskeið á Dalshrauni. 3x í viku.*

Verð 12.990.-

Námskeiðið hefst 20. apríl.

- Tækjasalur
- Fræðsla
- fjölbreyttir tímar
- Góður árangur
- Lokapartý

Skráning hafin

Kennari: Edda Dögg

Tilboð

Priggja mánaða kort á kr. 23.900.-
Fjórdi mánuðurinn í kaupbæti

Námskeiðin hefjast 19. og 20. apríl og eru í 6 vikur.

Skráning og nánari upplýsingar í sínum 565 2212 og 565 2712.

Dalshrauni 11, sími 565 2212
Ásvöllum 2, sími 565 2712
hress@hress.is, www.hress.is

HRESS

NÝTT Í BÍÓ!

HEIMSFUMSÝNING!

„Carell and Fey eru frábært grínar“
- Hollywood Reporter

Bráðskemmtileg gamanhasarmynd um hjón á flotta í bullandi vandræðum!

steve carell tina fey

DATE NIGHT

...was magnificent made with little

LUXUS 10

airkannalís

GRAN VIKTORIANTYU RALPH FIENNES LIAM NEESON

★★★★★
- The Hollywood Reporter

★★★★★
- Time

★★★★★
- New York Post

★★★★★
- Chicago Sun-Times - R.Ebert

FRÁBÆR ÆVINTÝRAMYND STÚTFULL AF SPENNU, HASAR OG FLOTTUM TÖLVUBRELLUM!

CLASH OF THE TITANS

12 **3D**

JULIA CARREY PHILIP MORRIS

I LOVE YOU PHILLIP MORRIS

STUNDUN EN SAMRÉKJUNN LÍFJÓNN LÍKASTUN

12

FRÁ HEIM SÖMU OG FÆRDU OKKUR SHREK & KUNG FU PANDA

FRÁ SMÁLA

DREKANN

3D

★★★★★

★★★★

L

channing tatum amanda seyfried

FARFARSTU THE HITCHHIKER

Hvað myndir þú gera við bréf sem breytti öllu?

Dear John

L

★★★★★

R.S.R. - RRR

THE GOOD HEART

10

KÓNGAVEGUR

10

ANNEHART GASTON GERRARD BUTLER

THE BOUNTY HUNTER

7

NANNY MCPHEE

THE BIG BANG

L

SHUTTER ISLAND

16

LOFTKASTALINN SEM HRUNDI

★★★★★

R.S. Blak & Eyjólfur

14

earth

L

THE LOVELY BONES

★★★★★

EMPIRE

12

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

HÁSKÓLA BÍÓ SÍMI 530 1919

SMÁRA BÍÓ		HÁSKÓLA BÍÓ			
DATE NIGHT	kl. 6 - 8 - 10	10	CLASH OF THE TITANS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
DATE NIGHT LUXUS	kl. 4 - 6 - 8 - 10	10	DEAR JOHN	kl. 8 - 10:20	L
I LOVE YOU PHILLIP MORRIS	kl. 5:40 - 8 - 10:20	12	KÓNGAVEGUR	kl. 5:45 - 8 - 10:15	10
AD TEMJA DREKANN SINN 3D	kl. 3:40 - 5:50	L	LOVELY BONES	kl. 10:15	12
AD TEMJA DREKANN SINN 2D	kl. 3:40	L	THE GOOD HEART	kl. 5:50 - 8	10
NANNY MCPHEE	kl. 3:40	10	MAMMA GÓGÓ	kl. 6	L
KÓNGAVEGUR	kl. 3:30 - 5:45 - 8 - 10:15	7	facebook.com / smarabio 		
BOUNTY HUNTER	kl. 8 - 10:25	12			

BORGAR BÍÓ SÍMI 462 3500

REGNBÖGGINN SÍMI 551 9000

BORGAR BÍÓ		REGNBÖGGINN			
DATE NIGHT	kl. 8 - 10	10	DATE NIGHT	kl. 6 - 8 - 10	10
I LOVE YOU PHILLIP MORRIS	kl. 6	12	DEAR JOHN	kl. 5:40 - 8 - 10:20	L
			EARTH	kl. 5:45	L
			SHUTTER ISLAND	kl. 8	16
			LOFTKASTALINN SEM HRUNDI	kl. 6 - 9	14

NÝTT Í BIÓ



Sími: 553 2075
- bara lúxus



DATE NIGHT




I LOVE YOU PHILLIP MORRIS



DREKANN



Nanny McPhee



GREEN ZONE

ÍSLENSKT TAL

SÝNINGARTÍMAR		
DATE NIGHT	kl. 6, 8 og 10	10
I LOVE YOU PHILLIP MORRIS	kl. 5.50, 8, 10.10	12
AD TEMJJA DREKANN SINN 3D ISL	kl. 4 og 6 - 3D	L
AD TEMJJA DREKANN SINN 2D ISL	kl. 4	L
NANNY MCPHEE AND THE BIG BANG	kl. 3.50	L
GREEN ZONE	kl. 8 og 10.10	12

SAM

BÍÓNN

**FRÁBÆR ÆVINTÝRAMYND STÓTULL AF
SPENNU HASAR OG FLOTTUM TÖLVUNNILLUM**

★★★★★
Hollywood Reporter

★★★★★
- Time

★★★★★
- New York Post

3D

VINSÆLASTA MYNDIN Í USA Í DAG

Sam Worthington úr Avatar er eini maðurinn sem þorir að berjast við grísku guðina Seif og Hades ásamt Medúsu og öðrum skrímslum

SAMBÍÓNN ÁLFABAKKA	
CLASH OF THE TITANS 3D kl. 8 - 10:30	(12)
CLASH OF THE TITANS kl. 5:40 - 8 - 10:30	(L)
AD TEMJA DREKANN SINN 3D M/isl. Tali kl. 5:50	(L)
AD TEMJA DREKANN SINN M/isl. Tali kl. 5:50	(L)
HOW TO TRAIN YOUR DRAGON M/ensku. Tali kl. 10:30	(L)
HOT TUB TIME MACHINE kl. 5:50 - 8 - 10:10	(12)
WHEN IN ROME kl. 5:50 - 8 - 10:10	(L)
MEN WHO STARE AT GOATS kl. 8 - 10:30	(12)
NANNY MCPHEE AND THE BIG BANG kl. 5:50	(12)
THE BLIND SIDE kl. 8	(10)
SAMBÍÓNN AKUREYRI	
CLASH OF THE TITANS - 3D kl. 8 - 10:20	(12)
HOW TO TRAIN YOUR DRAGON 3D M/isl. Tali kl. 6	(L)
WHEN IN ROME kl. 6	(L)
HOT TUB TIME MACHINE kl. 8 - 10:20	(12)

SAMBÍÓNN KRINGLUNNI	
CLASH OF THE TITANS 3D kl. 6 - 8:10 - 9 - 10:30	(12)
HOT TUB TIME MACHINE kl. 3:50 - 6 - 8:10 - 10:20	(12)
AD TEMJA DREKANN SINN 3D M/isl. Tali kl. 3:50 - 6	(L)
ALICE IN WONDERLAND 3D kl. 3:50	(L)
SAMBÍÓNN SELFÖSSI	
CLASH OF THE TITANS kl. 8 - 10:20	(12)
WHEN IN ROME kl. 8	(L)
MEN WHO STARE AT GOATS kl. 10:20	(12)
SAMBÍÓNN	

já

SAMBÍÓNN

NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNIN-
GARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM
MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118



UMMI Tónlistarmaðurinn og tæknibrellumeistariinn hefur gefið út sína fyrstu sólóplötu.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Syngur beint frá hjartanu

Fyrsta sólóplata Umma er komin út. Hann starfar sem þrívíddarlistamaður í London og hefur unnið við stórm myndir á borð við Avatar, Harry Potter og Batman Begins.

Ummi er fæddur og uppalinn á Djúpavogi. Hann sló í gegn í stuðsveitinni Sólstrandargæjarnir á síðasta áratug ásamt Jónasi Sigurðssyni félagi sínum. Saman gerðu þeir vinsæl lögin Rangur maður og Sólstrandargæi. „Þetta var slys en mjög gott slys,“ segir Ummi um vinsældirnar. „Það er æðislegt að heyra hvað það lifir þetta lag. Ég er mjög stoltur af því,“ segir hann um slagarann Rangur maður.

Ummi, eða Unnsteinn Guðjónsson eins og hann heitir réttu nafni, samdi lögin á nýju plötuna á árunum 2001 til 2006. Lögin eru þau fyrstu sem hann gefur út síðan á Sólstrandar-árunum. Upptökur fóru fram í Hafnarfirði, Hróarskeldu, London og Kaupmannahöfn, þar sem Jónas bjó áður en hann flutti heim til Íslands. „Hann

var mín hægri hönd í þessu öllu og hægri eyra líka," segir Ummi um Jónas, sem gaf árið 2007 út sína fyrstu sólplötu sem fékk mjög góðar viðtökur. „Við höfum alltaf verið í góðu sambandi og hann er alveg ómissandi.“

Plata Umma kemur út á vínyl og í stafrænu formi og inniheldur þrettán lög sungin á íslensku. Öll lögin og textarnir eru samin af Umma sjálfum og sá hann einnig um hönnun á umslaginu, sem er mjög veglegt, eins og kom fram í viðtali við hann í Fréttablaðinu á dögunum.

Ummi segir að Jónas hafi hvatt sig til að syngja lögin sín sjálfur í stað þess að fá annan til verkefins. „Ég er enginn söngvari,“ segir hann hógvær. „Þetta var eins og sálfræðimeðferð. Að geta staðið með sjálfum sér í staðinn fyrir að vera allur í hnúti. Þetta er meira frá hjartanu svona.“ Ummi er sjálfur mikill aðdáandi Pixies auk þess sem Bob Dylan, Blind Blake, Billie Holiday og pönkljómssveitin Rancid eru í uppáhaldi.

Þessa dagana er hann að vinna við kvikmyndina John Carter of Mars sem teiknimyndarisinn Pixar framleiðir. Þar blandar

fyrirtækið í fyrsta sinn saman alvöru leikurum og teiknuðum persónum. Á meðal leikara verða Willem Dafoe, Thomas Haden Church og Samantha Morton. „Þetta er stærsta tæknibrelluverkið sem hefur verið unnið í London. Maður finnur fyrir því hvað þetta er rosalega stórt verkefni,“ segir hann. Leikstjóri er Andrew Stanton, sem skrifaði handrit Toy Story og leikstýrði Wall-E og Finding Nemo. Myndin er væntanleg árið 2012 og að sögn Ummu munu um 500 manns vinna við hana beggja vegna Atlantshafsins þegar mest lætur.

Ummi stefnir á að fylgja nýju plötunni eftir með tónleikum hér á landi seinni part haustsins. Þangadóttir ætla að einbeita sér að fjölskyldunni því þriðja barn hans og eiginkonunnar Aðalbjargar Þóreyjar Ólafsdóttur er væntanlegt í heiminn í ágúst.

Þeim sem vilja nálgast stafræna útgáfu af plötunni er bent á heimasíðuna Gogoyoko.com. Grúskarar geta síðan leitað uppi vínýl-útgáfunna sem verður aðeins gefin út í fimm hundruð einstökum. Nánari upplýsingar um listamanninn má finna á Ummi.is. freyr@frettabladid.is

Jón Gnarr á grínbuxum

Leikhús ★★

Lifandi í Landnámssetri

Jón Gnarr

Uppistandssýning í Landnáms- setrinu í Borgarnesi.

Samverustund með Jóni Gnarr á háalofti Landnámsseturssins var ánægjuleg. Á loftinu sitja áhorfendur gegnt hver öðrum og smita bros og hlátrasköll yfir hið þrönga gangsvið þannig að eins hlátursgusa verður að bylgjum allra. Þetta er ekki galið sviðsrými. Leikarinn, fórnarlambið, getur ekki skýlt sér bakvið myndir eða eigin synir, heldur á hann aðeins þann möguleika að þeytast fram og aftur eftir þröngri rennuni, ekki ólíkt spíllurinum í gömlu fótboltaspilunum eða voru það íshökkispil?

Jón Gnarr
gerir Ísland-
inga að yrk-
isefni sínu og
maður getur
náttúrulega
spurt sig
hvort ekki sé
búið að fjalla
nóg um þann
hóp manna þar
sem Spaugstofan
og aðrir grínarar
hafa það sem aðal-
markmið að segja
okkur sjálfum frá
því, hvað við séum

stórkostlega furðulega merkilega og að þrátt fyrir að við kunnum ekki mannasiði séum við í raun og veru miklu skemmtilegri en allar aðrar þjóðir. Þessi söngur er orðinn svakalega leiðigjarn og kannski bara hættulegt að þvæla svona í sjálfsmyndinni í það óend- anlega? Engu að síður tekst Jóni Gnarr skemmtilega að sigla inn í þennan ólgsjó með sinni eigin nálgun og blanda sjálfum sér og örlögum sínum inn í frásagnir frá löngu lðnum tíma. Hann fjallar meðal annars um hómorinn sem lifað hefur með þjóðinni gegn- um aldir, um hið bráðfyndna við að höggva menn í herðar niður og annað ófeldi forn- kappanna. Það er ekki nein- einleg atburðarás í sögu- stundinni heldur heylpur hann svöltið úr einu í annað en grunn- þemað er þó þetta sama: „Þannig erum við Íslend- ingar“.



Eg er ekki í
 nokkrum vafa
 um að marg-
 ir eiga eftir
 að leggja leið
 sína upp í hið
 menningarlega
 Landnámsset-
 ur, njóta þar
 frábærra veit-
 inga og fallettrar
 sýningar frá Borg-
 arfirði, auk þess að
 hlæja og gleyma
 þeim leiðindum sem
 sturtast yfir okkur í
 daglegum fréttum.

Pó svo að Jón Gnarr geri fyrst og fremst út á vitleysingaháttinn í landanum þá er nú engu að síður niðurstaðan sú, að hvað sem raular og tautar lendir landinn alltaf standandi. Að því leyti er þetta bara holl og góð afþreying, fyrir utan að mörgum þykir það gott að mannanafnanefnd sé rassskellt svoltið fyrir sína fáránlegu starfsemi og ljósi varpað á þá klikkun að vera með þykkan glervegg og míkrafóna á þeim klefum þar sem bíómíóar eru seldir. Það voru mörg smá og sníðug atriði úr daglega lífinu sem ekki aðeins kitluðu hláturtaugarnar heldur vöktu einnig umhugsun, vonandi. Eins og til dæmis þegar hann sagði frá því að faðir hans hefði fengið synjun frá Tryggingarstofnun vegna umsóknar um neyðarhnapp. Honum var sent svarbréf þess efnis þónokkrum eftir að hann lést.

Það sem einkennir aðferðina hjá Jóni Gnarr í þessari sýningu er að hann laumar inn frásögnum og skellir sér svo bratt inn með einhverja absúrd staðhæfingu eða andstæðu. Hann virtist sjálfur njóta þess að gleðja og gerði það að umtalfsni hvernig ferillinn hófst og þróaðist. Aðalatriðið er auðvitað hvernig hlutirnir eru sagðir og svo hin svokallaða tæming, sem er hluti af því að koma fólki á óvart. – Vitidi af hverju ljóskan drap sig? Umhugsun. Svar: Hún var svo rosalega þunglynd. Ekki fyndið á blaði en hægt að segja þannig að fullur salur af fólki veltist um af hlátri.

Elisabet Brekkann

Elísabet Brekkan

Niðurstaða: Ekki galin kvöldskemmtun.

MARKAÐSSETNING Á NETINU_

VILT ÞÚ NÁ MEIRI ÁRANGRI Á NETINU?

NÁMSSKEIÐ Í MARKAÐSSETNINGU Á NETINU – NÚ ER SÍÐASTA TÆKIFÆRIÐ TIL AÐ SKRÁ SIG!

Útflutningsráð og MBL.is í samvinnu við Póstin og Valitor kynna landsátak í kennslu í markaðssetningu á netinu. Námskeiðin eru rúmlega 4 klukkustunda löng og taka á hagnýtan hátt á því hvernig fyrirtæki geta náð miklum árangri í markaðsstarfi á netinu. Kennslan byggir á bókinni Markaðssetning á netinu og tekur mið af íslensku markaðsumhverfi. Námskeiðið inniheldur mikið af íslenskum dæmisögum og hagnýtum rannsóknnum til að auðvelda þátttakendum að byrja að nýta aðferðirnar strax í sínum störfum. Verð 18.500 kr. (bókin Markaðssetning á netinu fylgir frítt með). Athugið, flest stéttar- og verkálúðsfélög endurgreiða hluta af námskeiðsgjaldi.

Dagskráin:

- Hvernig hefur hegðun viðskiptavina breyst?
- Hver eru sóknarfærin á netinu?
- Hvernig nær maður hámarks árangri með vefborðum?
- Hvernig nær maður hámarks árangri með leitarvélunum, bæði greiddum og náttúrulegum niðurstöðum, td. Google?
- Hvernig getur maður notað vefgreiningartól til að mæla árangur?
- Hvernig nær maður árangri með samfélagsmiðlunum? (Facebook, Youtube, Twitter, Blogg, o.s.frv.)
- Hvernig nær maður hámarkaðs árangri með tölvupóstum? (netklúbbum o.s.frv.)
- Hvernig er best að haga sölu í gegnum netið?

Allra síðustu námskeið í landsátakinu:

17. Apríl, laugardagur, Reykjavík
19. Apríl, mánudagur, Sauðárkrókur
21. Apríl, miðvikudagur, Reykjavík
24. Apríl, laugardagur, Reykjavík

Nánari upplýsingar
og skráning á www.online.is



Kennarar:

Guðmundur Arnar Guðmundsson, markaðsstjóri hjá Icelandair.
Hagfræðingur, MBA

Kristján Már Hauksson, sérfræðingur í markaðssetningu á netinu.
Eigandi Nordic eMarketing sem er framsæknasta ráðgjafafyrirtæki Íslands
í markaðssetningu á internetinu.

> Snæfell getur klárað KR í kvöld

Fjórdi leikur Snæfells og KR í undanúrslitum Iceland Express-deildar karla fer fram í Fjárhúsinu í Stykkishólmi í kvöld. Snæfell leiðir einvígið, 2-1, og getur því komist í úrslit með sigri í kvöld. Heimavöllurinn hefur ekki enn skilað liðunum neinu í rímm-unni því allir leikirnir hafa endað með útisigri. KR hefur reyndar unnið tvo leiki í röð í Hólmin-um því KR vann í Fjárhúsinu í lokaumferð deildarkeppninnar. Leikurinn hefst 19.15 og er í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport.



N1-DEILD KVENNA: FRAM LAGÐI STJÖRNUNA SANNFÆRANDI Í MÝRINNI Í GÆR OG MÆTIR VAL Í ÚRSLITUM

Við ætlum okkur að hirða síðustu dolluna

„Stelpurnar voru alveg ákveðnar í því að þetta sig saman í seinni hálfleik. Við vorum að gera alltof mikið af mistökum í fyrri hálfleik og það gerði það að verkum að Stjarnan fékk að vera inni í leiknum að minnsta kosti í fyrri hálfleik,” sagði Einar Jónsson, þjálfari Fram, ánægður eftir sigurinn gegn Stjörnunni í gær sem skaut Framliðinu í úrslit N1-deild-ar kvenna. Leikurinn einkenndist af mikilli baráttu en Framstúlkur voru grimmari og kláruðu leikinn sannfærandi í síðari hálfleik. Stelpurnar byrjuðu hins vegar leikinn illa og virt-ist hvorugt liðanna ráða nægilega vel við stressið. Einar vill meina að spennustigið sé gott í sínu liði. „Við þéttum vörnina, minnkuðum mistökin og þá var ekki að sökum að spyrja. Ég held að þetta hafi ekki verið neitt stress og spennustigið í liðinu er almennt mjög gott. Það voru ýmsir þættir sem við ætluðum að laga fyrir þennan

